



Fjöldi fólks kom saman á þrettándabrennu í Gufunesi í gær þar sem jólin voru kvödd að hefðbundnum sið. Meðlimir björgunarsveitanna sáu til þess að enginn kæmist of nálægt bálinu. Skutu nokkrir upp flugeldum í síðasta sinn í bili. Þá kom jólasveinninn vinsæli Kertasníkir í heimsókn til að kveðja, en hann kemur aftur til byggða í lok ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nýtt kennileiti á að rísa við Vitastíg

Ráðgert er að nýtt 203 herbergja Radisson-hótel munu rísa á horni Skúlagötu og Vitastígs á næsta ári. Hótelíð, sem verður sautján hæða, er hannað af þekktum skoskum arkitekt sem hannaði meðal annars hæsta turn Rússlands og eitt helsta kennileiti Skotlands.

**VIÐSKIPTI** Til stendur að reisa fyrsta hótelið á Norðurlöndum undir merkjum Radisson RED á horni Skúlagötu og Vitastígs. Það er Rauðsvík ehf. í gegnum félag sitt S26 Hotel ehf. sem stendur að uppbyggingunni.

Fyrst var greint frá áformum um byggingu hótelsins á fyrri hluta árs 2018 og þá var ráðgert að hótelið myndi hefja rekstur nú í ár. Þær áætlanir töfðust, meðal annars út af skipulagsmálum en fyrri áform um bygginguna þóttu ekki uppfylla kröfur deiliskipulags. Þau vandamál hafa nú verið leyst.

RED-vörumerki Radisson er ætlað að ná til þúsaldarkynslóðarinnar

með frumlegri hönnun, óformlegri þjónustu og mikilli fjölbreytni. Við hönnun hótelsins mun það hafa verið haft í huga. Göngustigur mun liggja í gegnum hótelið og veitingastaður verður á jarðhæðinni við sérstakt götutorg á aðurnefndu horni Skúlagötu og Vitastígs.

Krúnudjásn byggingarinnar verður þó barsvæði og útiverönd á efstu hæð sem opin verður almenningi og hótलगestum og þangað er hægt að komast með sérstakri útsýnislyftu sem liggur utan á byggingunni.

Arkitekt verkefnisins er hinn virti breski arkitekt Tony Kettle en hans þekktasta verk er Falkirk-hjólíð svokallaða, hringsnúandi skipalyfta

**Markmið okkar er að skapa nýtt og spennandi kennileiti fyrir Reykjavík.**

Tony Kettle,  
arkitekt



sem er eitt af helstu kennileitum Skotlands. Að auki hefur hann unnið mörg djörf verkefni í Mið-Austurlöndum, Kína og Rússlandi. Meðal annars við Lakhta-turninn,

höfuðstöðvar Gazprom-stórveldisins í St. Pétursborg. Turninn er hæsta bygging Rússlands, heilir 426 metrar.

Kettle segir að hönnun hótelsins sé undir áhrifum frá náttúru Íslands og arkitektúr höfuðborgarinnar, sérstaklega Hallgrímskirkju og Hörpu. „Ég varð fyrir sterkum áhrifum af heimsókn minni til landsins enda er Ísland ótrúlega fallegt land,“ segir hann.

„Hönnun hótelsins dregur að einhverju leyti innblástur frá þessum tveimur byggingum og náttúrunni. Markmið okkar er að skapa nýtt og spennandi kennileiti fyrir Reykjavík og spennandi áfangastað fyrir

íbúa höfuðborgarinnar og ferðamenn.“

Eins og áður segir kom hann að verkefninu þegar áætlanir um byggingu hótelsins voru í ákveðinni þattstöðu hjá skipulagsyfirlöndum. Kettle segir að ferlið við hönnun hótelsins hafi verið ánægjulegt og þá sérstaklega viðmót borgaryfirvalda.

„Það var mjög skemmtilegt hvað skipulagsyfirlönd voru jákvæð gagnvart hinum ýmsu hugmyndum. Þau lögðu við hlustir en útilokuðu ekki neitt fyrirfram. Þannig náðist lausn sem ég vona að allir geti verið ánægðir með,“ segir Kettle.


Myndir af byggingunni er hægt að skoða á [frettabladid.is](http://frettabladid.is). — ÞÞ

Fagnaðu vetri með Touareg

Verð frá 9.850.000,-

HEKLA · [www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)

## Veður



Gengur í austan 10-18 með slyddu eða rigningu, en norðaustan 18-23 með slyddu eða snjókomu á Vestfjörðum. Hiti kringum frostmark, en að 6 stigum syðst. **SJÁ SÍÐU 16**



Göngugarpurinn Andris Kalvans.

## Veðrið hamlar leit að Andris

**LÖGREGLUMÁL** „Það hefur snjóað og þetta eru bölvanlegar aðstæður,“ segir Jón Sigurður Ólafsson, hjá Lögreglunni á Vesturlandi, um leitina að Andris Kalvans.

Talið er að Andris hafi ætlað að leggja í göngu út frá Heydalsvegi á Snæfellsnesi 28. desember. Leit að var að honum 30. desember, á gamlársgang og síðastliðinn föstudag.

„Nú er eiginlega biðstaða og ekki útlit fyrir leitarveður næstu daga,“ segir Jón sem ræddi við mann úr svæðisstjórninni sem var á leitar-svæðinu í gær. „Hann sagði alveg glórulaust að reyna eitthvað, það sæist ekki úr augum.“

Bill Andris var skilinn eftir á Heydalsvegi niður af Hrutadal.

„Við höfum bara bílinn og nokkuð staðfest að hann hafi verið að fara þarna til göngu,“ segir Jón. Andris hafi ekki rætt við neinn um ferðina en þó sagst ætla í göngu. „Það er heimamaður sem fer að veita bílnum athygli. Það var enginn farinn að sakna hans,“ segir Jón.

Leitarsvæðið er um og í kring um Hrutadal. Þar eru fjöllin Hrutaborg og Kolbeinsstaðafjall. „Það er verið að skoða í hella og skúta og slíkt. Það á eftir að leita eitthvað en það er búið að fara í það sem er líklegast.“

Mörg gil eru á svæðinu og sum þeirra full af snjó. „Það er mjög bratt þarna og erfitt yfirferðar,“ segir Jón.

Fram kom á fréttablaðið.is á föstudag að fjallgöngubúnaður hefði verið í bil Andris en Jón segir ekki hægt að draga af því neinar ályktanir. „Það gætu verið aukaföt hreinlega,“ bendir lögreglumaðurinn á. – gar

## Unnið á mastri



Vetrarharkan tók sér stutt hlé á höfuðborgarsvæðinu á þrettándanum í gær. Notaði þessi maður tækifærið til að vinna í mastri á bát í Reykjavíkurhöfn. Eftir hádegi á morgun verður gul viðvörðun í gildi á Suður- og Vesturlandi, Vestfjörðum, hálendinu og í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ekki fjárkrafa á Aldísi Schram

**DÓMSMÁL** Í dag verður tekið fyrir meiyrdómál Jóns Baldvins Hannibalssonar gegn dóttur sinni Aldísi Schram, þáttarstjórnandanum Sigmarí Guðmundssyni og RÚV. Er það fyrir ummæli sem lätin voru falla í Morgunútvarpinu á Rás 2 þann 17. janúar á síðasta ári.



Jón Baldvin Hannibalsson.

Jón Baldvin krefst þess að 14 ummæli verði dæmd dauð og ómerk, tíu hjá Aldísi og fern hjá Sigmarí en til vara hjá Aldísi. Einnig er krafa um birtingu afsökunarbeiðni en RÚV hefur hafnað kröfunum.

Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður Aldísar, segir engar sáttuamleitani hafa átt sér stað. Fjárkrafa er gerð á Sigmar en ekki á Aldísi. – khg

# Hildur himinlifandi með Gullna hnöttinn

Hildur Guðnadóttir hlaut í fyrrinótt hin virtu Golden Globes verðlaun fyrir tónlist sína í Joker. Engin kona hefur hlotið verðlaunin í 19 ár og er Hildur sú fyrsta til að vinna þau ein síns liðs. Samstarfsmaður segir hana í skýjunum.

**SAMFÉLAG** Hildur Guðnadóttir tónskáld vann í fyrrinótt Golden Globes verðlaunin fyrir bestu frumsömdu tónlist í bíómynd fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Joker. Hildur er fyrst kvenna til að vinna verðlaunin í níttján ár en einnig er hún fyrsta konan til að vinna verðlaunin ein síns liðs. Þá er Hildur annar Íslendinga til að hljóta verðlaunin en Jóhannes Jóhannesson hlaut verðlaun í sama flokki árið 2014 fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Theory of Everything.

Hildur hefur unnið til fjölda annarra verðlauna fyrir tónlist sína í Joker og hlaut hún að sama skapi mikið lof fyrir tónlist sína í þáttunum Chernobyl. Fyrir hana vann Hildur til Emmy-verðlauna og var tilnefnd til Grammy-verðlauna.

Í samtali við Fréttablaðið síðastliðið sumar sagðist Hildur vera alin upp af tónlistarfólki og að eðlilegt hefði verið að hún færi í tónlistarnám, en hún hóf að læra tónlist einungis um fjögurra ára. Áhugi Hildar á sögum var svo það sem leiddi hana inn í heim kvikmyndatónlistarinnar. „Ég hef alltaf haft rosa mikinn áhuga á sögum. Ég vann mikið í leikhúsi og sækí oft innblástur í sögur þegar ég er að semja tónlist. Svo bara kom í ljós að þetta var form sem hentaði mér, að semja kvikmyndatónlist,“ sagði Hildur.

Í þakkarræðu sinni á Golden Globes færði Hildur móður sinni og bræðrum þakkir ásamt því að til-einka Kára syni sínum verðlaunin. Einnig þakkaði Hildur eiginmanni sínum og samstarfsfélögum.

Gunnar Tynes, samstarfsmaður Hildar, hefur unnið mikið með henni í tónlistinni og vann til að mynda með henni bæði að tón-



Söng- og leikkonan Jennifer Lopez og leikarinn Paul Rudd afhentu Hildi verðlaunin aðfaranótt mánudags á Hilton í Beverly Hills. NORDICPHOTOS/GETTY

» Hildur er annar Íslendingurinn sem hlýtur Gullna hnöttinn. Jóhann Jóhannsson vann árið 2014, einnig fyrir tónlist.

listinni í Chernobyl og Joker. „Við vorum þrjú sem unnum þessi tvö verkefni saman og það þykir mjög lítið teymi. Hildur semur að sjálf-sögðu alla tónlistina en við hjálpum til með að sníða hana að myndinni,“ segir Gunnar.

Hildur, Gunnar og Sam Slater, eiginmaður hennar, unnu saman að verkefnum og segir Gunnar að stundum hafi álagið verið mikið. „Við vorum á tímabili að vinna að báðum verkefnum á sama tíma sem tók vissulega svolítið á en okkur tókst þetta einhvern veginn og Hildur er að sjálf-sögðu himinlifandi,“ segir Gunnar.

birnadrofn@frettabladid.is

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

# STÓRUM HUMRI!!



Hafið samband á [nordanfiskur@nordanfiskur.is](mailto:nordanfiskur@nordanfiskur.is) eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

**norðanfiskur**



7 ára ábyrgð framleiðanda  
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

# Snjall og glæsilegur sportjeppi

Afborgun á mánuði:  
**38.777 kr.**  
m.v. 50% útborgun og lán til 84 mánaða.  
Vextir 6,20%\*\*



## SPORTAGE



The Power to Surprise

### Sparneytinn sportjeppi sem hugsar fyrir öllu

**Kia Sportage** er snjall og glæsilegur sportjeppi, búinn fyrsta flokks tæknibúnaði. 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, þráðlaus farsímahleðsla og akreinavari eru meðal spennandi staðalbúnaðar Kia Sportage. Honum fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð — sú lengsta frá nokkrum bílaframleiðanda.

**Komdu í hemsókn í Kia húsið og reynsluaktu Kia Sportage. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sportage X, 2WD, sjálfskiptur verð frá:

## 4.990.777 kr.

Fæst einnig 4WD og sjálfskiptur verð frá 5.790.777 kr.



## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Maður stunginn í Garðabæ** Sá sem framdi árásina var handtekinn á vettvangi en fórnarlambið hafði flúið ásamt öðrum fjölskyldumeðlimum.

**2 Kærasta Matthew Perry tæplega helmingi yngri** Hin 28 gamla Molly Hurwitz er framleiðandi og vinnur í skemmtanaíðnaðinum.

**3 Mjög djúp lægð gengur yfir landið á þriðjudag** Á vef Veðurstofunnar er spáð að rigning og slydda muni fylgja óveðrinu og að hiti verði kringum frostmark um mest allt land.

**4 Hildur Guðnadóttir hlaut Golden Globe verðlaun** Hildur hefur nú þegar unnið til fjölda verðlauna fyrir tónlistina í Joker sem og í sjónvarpsþáttunum Chernobyl en hún hlaut Emmy-verðlaun og hefur verið tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir tónlistina í þáttunum.

**5 Ólíklegt ástarsamband gat af sér nýja tegund** Páfa-gaukarnir Kirby og Suzie þóttu ólíkleg til þess að fella hugi saman þegar þau hittust í fyrsta skipti í gæludýrabúð í Virginia í Bandaríkjunum.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

## Metin hæfileg upphæð í bætur

**STJÓRNSÝSLA** „Það blasti við bótaskylda í málinu,“ segir Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður um 20 milljóna bótageiðslu til Ólínu Þorvarðardóttur í tengslum við að hún var ekki ráðin þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Einar Karl segir að best hafi verið að ná samkomulagi frekar en fara með málið fyrir dóm. „Þetta var metin sem hæfileg upphæð.“ Var þá miðað við laun í 18 mánuði í starfi þjóðgarðsvardar.

Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar, hyggst ekki ræða málið þangað til nefndin hefur fundað 22. janúar næstkomandi. – ab

# Æðstu menn refsikerfisins líklegir eftirmenn Haraldar

Halla Bergþóra Björnsdóttir og Sigríður Björk Guðjónsdóttir eru oftast nefndar sem mögulegir eftirmenn Haraldar Johannessen í embætti ríkislögreglustjóra. Líklegt þykir að fleiri úr hópi lögreglustjóra sækj um. Nöfn Ólafs Þórs Haukssonar héraðssaksóknara og Páls Winkel fangelsismálastjóra hafa verið nefnd.

**STJÓRNSÝSLA** Margir helstu stjórnendur innan refsivörslukerfisins hafa verið orðaðir við embætti ríkislögreglustjóra sem auglýst var til umsóknar skömmu fyrir jól. Þeirra á meðal eru lögreglustjór flestra lögregluumdæma landsins, héraðssaksóknari og forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Dómsmálaráðherra gerði starfslokasamning við Harald Johannessen í lok síðasta árs eftir mikla gagnrýni á störf hans síðustu misserin en hann hafði gegnt embætti ríkislögreglustjóra í tæpan aldarfjórðung.

Í kjölfar starfsloka Haraldar var Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, settur í embætti ríkislögreglustjóra til bráðabirgða en hann mun hafa greint ráðherra frá því að hann hafi ekki hug á að sækjast eftir skipun í embættið.

Telja verður líklegt að aðrir starfandi lögreglustjórar á landinu hafi að minnsta kosti íhugað að sækja um starfið, en þau nöfn sem oftast eru nefnd úr hópi þeirra eru Sigríður Björk Guðjónsdóttir og Halla Bergþóra Björnsdóttir. Páley Borgþórsdóttir í Vestmannaeyjum er einnig sögð hafa áhuga á embættinu en hvorki er vitað um hug Úlfars Lúðvíkssonar, formanns lögreglustjórafélagsins og lögreglustjóra á Vesturlandi, né Karls Inga Vilbergssonar, lögreglustjóra Vestfjarða. Inger L. Jónsdóttir, lögreglustjóri Austurlands, er hins vegar að fara á eftirlaun og hefur staða hennar verið auglýst. Sterkur orðrómur var um að Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, myndi ljúka sínum starfsferli í sameinuðu lögreglustjóraembætti fyrir Suðurnes og Keflavíkflugvöll en ekkert varð af sameiningunni um sinn og því ekki útilokað að Ólafur Helgi hafi hug á embættinu. Hann neitaði einn lögreglustjóra á landinu að undirrita vantraustsyfirlýsingu á Harald í kjölfar umdeilds viðtals sem hann veitti Morgunblaðinu í september síðastliðnum. Annað nafn hjá lögregluinni á Suðurnesjum hefur þó einnig verið í umræðunni um nýjan ríkislögreglustjóra, nafn Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, saksóknara hjá embættinu.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við í gær og orðaðir hafa verið við embættið vildu ekki tjá sig opinberlega um áhuga á embættinu.

[adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)




Haraldur Johannessen, fyrrverandi ríkislögreglustjóri, fær full laun í 18 mánuði samkvæmt starfslokasamningi sem gerður var við hann skömmu fyrir jól. Samningurinn kostar alls 57 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON** starfaði lengi sem sýslumaður á Akranesi en var skipaður sérstakur saksóknari í málum föllnu bankanna árið 2009. Sjö árum síðar var hann skipaður héraðssaksóknari þegar það embætti var sett á fót árið 2016.



**SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR** hefur gegnt lögreglustjórastöðu frá 2009, fyrst á Suðurnesjum og svo á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún starfar enn. Hún var sýslumaður á Ísafirði frá 2002 til 2006 þegar hún fór til ríkislögreglustjóra og gegndi meðal annars stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra á árunum 2007 til 2008.



**PÁLL WINKEL** varð forstjóri Fangelsismálastofnunar í ársbyrjun 2008. Hann hefur starfað í löggæslu- og refsivörslukerfinu frá því hann útskrifaðist úr lagadeild um aldamót. Hann var framkvæmdastjóri Landssambands lögglumanna um tveggja ára skeið áður en hann fór til Ríkislögreglustjóra þar sem hann stýrði fyrst stjórnslusviði áður en hann var gerður að aðstoðarríkislögreglustjóra í maí 2007. Hann gegndi þeirri stöðu aðeins um hálfis árs skeið áður en hann fór í fangelsismálin.



**HALLA BERGPÓRA BJÖRNSDÓTTIR** hefur líkt og aðrir sem nefndir eru til sögunnar starfað í málaflokkum tengdum réttarkerfinu mestan hluta starfsævinnar. Hún var í átta ár í dómsmálaráðuneytinu en rak líka eigin lögmánsstofu og sinnti verjendastörfum. Hún leyfði Ólaf Þór Hauksson af í embætti sýslumanns á Akranesi þegar hann tók við embætti sérstaks saksóknara og gegndi því embætti þar til hún var skipaður lögreglustjóri á Norðurlandi eystra um mitt ár 2014.

## Nauðsynlegt að fjölga hjartastuðtækjum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Um 30 prósent þeirra sem verða vitni að því að einhver fari í hjartastopp treysta sér til að bregðast við. Því hlutfalli viljum við breyta þannig að fleiri taki við sér og reyni að bjarga lífi viðkomandi með því að byrja að hnoða,“ segir Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla.

Nú um áramótin lauk söfnunarátaki Hjartaheilla sem bar heitið Hjartastopp. Þar var lögð áhersla á fyrstu hjalp og endurlífgun við hjartastopp. Sveinn segir að Hjartaheill vilji líka vekja athygli á mikilvægi hjartastuðtækja. Á hverju ári lenda um 200 manns á landinu í hjartastoppi.

„Við viljum að þau séu sem víðast og svona tæki ættu að vera til á öllum stórum vinnustöðum. Okkur langar á þessu ári að ýta á áhuga stjórnenda stofnana og fyrirtækja til að koma sér upp svona



Hjartaheill vilja hjartastuðtæki á vinnustaði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

tækjum,“ segir Sveinn og bætir við að hvert tæki kosti um 200 þúsund krónur.

Hann bendir líka á að það gæti

gagnast 112 að vita hvar hjartastuðtæki sé að finna. Fyrirkomulagið í Danmörku sé til dæmis þannig að 100 metrar séu á milli tækja. Þannig geti neyðarlínan séð hvar næstu tæki sé staðsett þegar einhver fái hjartastopp.

„Þetta erum við að sjá fyrir okkur að geti orðið á Íslandi með einhverjum hætti og erum að reyna að koma því hægt og sigandi inn í myndina hjá okkur.“

Dæmi séu um tilvik þar sem svona tæki hefðu getað bjargað mannlífum en því miður hafi farið á verri veg.

„Það kom meira að segja upp tilvik hérna rétt hjá skrifstofu okkar. Það féll niður maður en við vissum ekki af því. Hefðum við vitað það hefðum við getað hlaupið út með tækið og jafnvel bjargað honum. Það særir okkur mjög að vita af svona dæmum.“ – sar

## Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

HÆGINDASTÓLAR  
**-30%**

ÚTSALAN  
ER HAFIN  
**20-50%**  
AFSLÁTTUR

STILLANLEG RÚM  
**-20-50%**

HEILSURÚM  
**-20-40%**

VERÐDÆMI  
ALPINE FIRM KING SIZE  
ÚTSÖLUVERÐ  
**238.783**  
VERÐ 359.772

ILMKERTI  
**-20%**

VERÐDÆMI  
COMO HÆGINDASTÓLL  
ÚTSÖLUVERÐ  
**30.450**  
VERÐ 43.500





Hundruð björgunarmanna leituðu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Tugir létust er bygging hrundi í Kambódíu

**KAMBÓDÍA** Þrjátíu og sex létu lífið og 23 særðust þegar bygging hrundi í Kep í Kambódíu á föstudag. Meðal látinna eru sex börn og í það minnsta tvö ungbörn.

Byggingin var ókláruð og þeir látnu verkamenn voru sem unnu að byggingunni og fjölskyldur þeirra. Mikil uppbygging hefur verið í Kambódíu síðastliðin ár. Stór hluti landsmanna vinnur í byggingaridnaði og margir búa á byggingarsvæðum til þess að spara.

Sama dag höfðu verkamennirnir lokið við að leggja gólf á sjöundu hæð hússins og héldu veislu til að fagna því.

Eigendur byggingarinnar hafa verið handteknir en ekki ákærðir. Ken Satha, ríkisstjóri Kep, sagði við Reuters að verkafólk mætti ekki búa á byggingarsvæðum. „Það er ekki til húsnæði fyrir þetta fólk en við munum gera ráðstafanir.“

Leit stóð yfir á svæðinu alla helgina en um leið og henni lauk í gær fylltist svæðið af söfnurum í leit að verðmætum. Forsætisráðherrann, Hun Sen, gerði lítið úr hættunni sem því fylgdi og sagði að hörmungar ættu sér stað alls staðar. – **bdj**

## Joe Biden með 40 prósentu vinningslíkur

**BANDARÍKIN** Innan við mánuður er í fyrsta forval bandarísku stjórnmalaflokkanna fyrir forsetakosningarnar, en það fer fram í fylkinu Iowa 3. febrúar. Búist er við því að Donald Trump sigri í forvali Repúblikana með miklum yfirburðum en töluverð spenna er fyrir forval Demókrata.

Samkvæmt veðbönum leiðir Joe Biden, fyrrverandi varaforseti, forvalið og er hjá flestum með um 40 prósentu vinningslíkur. Á hæla honum kemur hinn róttæki Bernie Sanders með um 25 prósent. Þar á eftir kemur öldungadeildarþingmaðurinn Elizabeth Warren með 13 til 20 prósentu möguleika.



Joe Biden.

Fulltrúi yngri kynslóðarinnar, hinn 37 ára Pete Buttigieg, er í fjórða sæti með 12 prósentu möguleika en möguleikar flestra annarra eru hverfandi. Þetta gæti þó allt breyst eftir forvalið í Iowa og því leggja framþjóðendur mikla áherslu á það.

Hægt er að veðja á fjölmarga þekkta einstaklinga sem ekki hafa boðið sig fram eða neitað að gera það, til dæmis Hillary Clinton sem á þó meiri möguleika en margir framþjóðendur. Þá má veðja á fyrrverandi forsetafrúna Michelle Obama, spjallþáttastjórnandann Oprah Winfrey, leikarann George Clooney, glímukappann The Rock, samfélagsmiðlamögúlinn Mark Zuckerberg og Mark Cuban, eiganda körfuknattleikslíðsins Mavericks. – **khg**

## Soleimani borinn til grafar



Gífurlegur fjöldi svartklæddra Írana kom saman í Teheran í gærmorgun til að vera við útför hershöfðingjans Qasem Soleimani sem Bandaríkjamenn réðu af dögum í Írak í síðustu viku. Mátti sjá skilti þar sem hvatt var til hefnda gagnvart Bandaríkjunum. Spennan er mikil, Íranir hafa dregið sig út úr kjarnorkusamkomulaginu frá 2015 og íraska þingið kallað eftir að bandarískt herlið yfirgefi landið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Norræna byggðin hvarf vegna ofveiði og loftslagsbreytinga

Samkvæmt nýrri rannsókn hvarf norræna byggðin á Grænlandi þegar rostungastofninum þar hnignaði og filabein flæddi inn á evrópska markaði. Á sama tíma skall á hin litla ísöld sem gerði veiðar og landbúnað erfiðari.

**GRÆNLAND** Samkvæmt nýrri rannsókn vísindamanna við Cambridgeháskólann í Bretlandi og norsku háskólana í Osló og Þrándheimi hvarf norræna byggðin á Grænlandi þegar rostungastofninum þar hnignaði. Einnig er líklegt að norrænir menn hafi farið til Grænlands eftir að íslenski stofninn var við það að þurrkast út.

„Norrænir Grænlendingar þurftu að kaupa járn og timbur frá Evrópu, og í staðinn gátu þeir selt rostungsafurðir,“ segir James H. Barrett, doktor í fornleifafræði við Cambridge.

Samkvæmt sögunum hófst byggðin með landnámi Eiríks Þorvaldssonar, hins rauða, árið 985. Var hún viðvarandi fram á 15. öld þegar hún hvarf úr frásögnnum. Þegar evrópskt skip kom til eyjunnar um miðja 16. öld fundust þar aðeins lík og rústir.

Nýlega fundu vísindamenn frá Íslandi, Danmörku og Hollandi sérstakan íslenskan stofn rostunga sem lifði aðallega við vestur- og norðurstrendur landsins. Hann hvarf hins vegar við landnám og hefur hvarfið að öllum líkindum átt stóran þátt í að fólk fluttist búferlum til Grænlands.

Barrett telur að ofveiði rostunganna, minnkandi eftirspurn og breytingar á loftslagi hafi valdið



Rostungstennur dattu úr tisku á mörkuðum Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY

» Rostungstannamarkaðir voru í Dyflinni, Þrándheimi og Björgvin.

því að norræna byggðin þurrkaðist út. Framan af voru rostungstennur verðmætar í Evrópu. Þær voru notaðar til þess að búa til ýmsa muni, svo sem krossa og leikþéð fyrir tafl. Helstu markaðir fyrir rostungstennur voru á stöðum eins og Dyflinni, Þrándheimi og Björgvin.

Fornleifarannsóknir frá þessum stöðum sýna að eftir sem á leið voru notaðar tennur úr kvendýrum og

minni rostungum. Veiðimenn þurftu sífellt að sækja norðar á bóginn, á hættulegri slóðir, til þess að finna rostunga, en byggðin sjálf var bundin við suðvesturhluta eyjunnar.

Á 12. öld breyttist tiskan, Afríku-markaðir opnuðust og filabein fór að verða algengara á mörkuðum Evrópu. Filabeinið tók þá við hlutverki rostungstannanna. Eftir aldamótin 1400 finnast varla nokkrir munir úr rostungstönnum í Evrópu.

„Okkur grunar að þegar rostungstennurnar hrundu í veiði hafi veiðimenn þurft að veiða meira til þess að viðhalda byggðinni. Ofveiði getur leitt til þess að rostungar hverfa frá hvíldar- og mökunar-

svæðum sínum,“ segir Barrett.

Ofan á þetta bættust versnandi náttúruleg skilyrði fyrir byggðina. Hin svokallaða „litla ísöld“ gekk í garð og aðstæður til landbúnaðar á Grænlandi versnuðu.

Sagt hefur verið að norrænu byggðinni hafi staðið ógn af Inúítum frá Ameríku sem fluttu inn á svæðið frá norðri um þetta leyti. Barrett og félagar telja hins vegar að veiðimenn hafi keypt rostungstennur af Inúítum, enda veiddu þeir fremur kvendýr en karldýr. Þegar hafísinn jókst og rostungunum fækkaði hafi hinir norrænu jafnvel verið ófærir um að veiða sjálfir og þurft að reida sig á Inúíta.

kristinnhaukur@frettabladid.is


Njóttu þess að hlakka til

# Sumarsæla 2020 er handan við horvið



## Tenerife

Sígildur stórfjölskyldustaður. Frábærir gistimöguleikar og úrval afþreyingar. Flogið með Icelandair í beinu flugi. Vinsæll viðkomustaður ár eftir ár.



## Alicante

Suðurströnd Spánar og allt sem henni fylgir. Góð hótél og aðstaða til fyrirmyndar. Benidorm, Albir og Calpe steinsnar frá.



## Almería

Fallegur fjölskyldustaður og stutt til menningarinnar í Granada. Ströndin kallar á ljúfum dögum.



## Kanarí

Veðursæld allt árið um kring. Þægilegt loftslag. Allar tegundir gististaða fyrir stórfjölskylduna.

### Bókaðu í tíma og tryggðu þér sæti.

Núna er rétti tíminn til þess að tryggja sér góða sólarferð. Vinsælustu dagsetningarnar og hótelin bókast fyrst – líttu við á [vita.is](http://vita.is) og finndu þína draumaferð.



Bókaðu draumaferðina þína á [vita.is](http://vita.is)



## Hægagangur



Sighvatur Arnmundsson  
sighvatur@frettabladid.is

**E**flýsa ætti yfirstandandi kjaraviðræðum á opinbera vinnumarkaðnum með einu orði yrði „hægagangur“ án efa fyrir valinu. Samningar flestra opinberra starfsmanna hafa nú verið lausir í rúma níu mánuði og enn virðist nokkuð í land á flestum vígstöðvum þótt vissulega hafi nokkur aðildarfélög BHM skrifað undir samninga.

Mikillar þreytu og óþreyju er farið að gæta hjá forsvarsmönnum þeirra stéttarfélaganna sem standa nú í samningaviðræðum við ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Mestrar óþreyju gæti þó hjá félagsmönnum sem hafa horft upp á sama fréttáflutninginn af árangursleysi viðræðanna allt of lengi.

Það hefur meira að segja ekki enn tekist að klára kjarasamninga þeirra hópa sem eru innan félaganna sem stöðu að gerð lífskjarasamninga í vor. Þó liggur fyrir að þeir samningar munu í öllum aðalatriðum byggja á lífskjarasamningnum.

Samhljómur virðist vera hjá flestum stéttarfélagunum sem semja fyrir hönd opinberra starfsmanna um að viðsemjendur þeirra leggi einfaldlega of litla áherslu á viðræðurnar. Fundir séu of fáir og of langt á milli þeirra.

Meðal opinberra starfsmanna eru stórar kvennastéttir sem ráðamenn mæra gjarnan á tyllidögum. Svigrúm til að bæta kjör þessara stétta er hins vegar aldrei til staðar þegar á reynir. Hér virðist lögmálið um framboð og eftirspurn ekki virka sem skyldi. Skortur á hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og menntuðum kennurum leiðir ekki til þess að þessum starfsstéttum sé boðið sé upp á betri starfskjör. Hér er mikið í húfi því hætta er á flotta úr þessum stéttum takist ekki viðunandi samningar.

Ein af megináherslum í viðræðum opinberra starfsmanna hefur verið á styttingu vinnuvikunnar. Samkomulag hefur náðst hjá félögum BSRB en það tekur aðeins til dagvinnufólks og enn er ósamið um styttinguna hjá vaktavinnuhópum. Þau tilraunaverkefni sem farið hefur verið í varðandi styttingu vinnuvikunnar hafa gefið góða raun. Hið opinbera sem vinnuveitandi hlýtur að sjá hvert stefnir í þróun framtíðarvinnuumarkaðarins og ætti því að leggja sitt af mörkum til að koma þessu sjálfsgöða máli í gegn.

Sanna Marin, sem varð forsætisráðherra Finnlands í desember síðastliðnum, hefur kynnt framtíðarsýn ríkisstjórnar sinnar um sveigjanlegri vinnutíma sem gæti endað í fjögurra daga vinnuviku. Hún segir að fólk eigi skilið að eyða meiri tíma með fjölskyldum sínum og öðrum ástvinum. Þótt við Íslendingar séum kannski ekki komnir eins langt og frændur okkar í þessum efnun hljótum við að geta verið sam-mála markmiðum hins 35 ára gamla forsætisráðherra.



Meðal opinberra starfsmanna eru stórar kvennastéttir sem ráðamenn mæra gjarnan á tyllidögum. Svigrúm til að bæta kjör þessara stétta er hins vegar aldrei til staðar þegar á reynir.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin  
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

## Halldór



## Frá degi til dags

**Vinna eða varðhald**  
Það má alveg klóra sér í höfðinu um hvernig það gat gerst að greiða þurfi Ólínu Þorvarðardóttur 20 milljónir króna í bætur fyrir að verða ekki þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Hefur hún sjálf sagt að ríkislögmaður hefði ekki þurft að bjóða svona mikið ef einhver hefði einfaldlega tekið upp tólið og beðið hana afsökunar. Athygli vekur að upphæðin er fimm milljón krónum lægri en ríkislögmaður býður Alberti Klahn Skaftasyni. Svo virðist sem ríkið meti það meiri hremmingar að fá ekki huggulega vinnu en sitja saklaus í gæsluvarðhaldi í 118 daga og síðan fangelsi.

**Steralasin**  
Vofu sósíalismsans hefur svo sannarlega tekist að ná bál-festu í Gunnari Smára Egilssyni. Miðað við skrif hans á samfélagsmiðlum, sem verða gefin út í 46 bindum fyrir næstu jól, er ekkert sem gerist í okkar samfélagi ótengt bolsévisma. Tengir hann meðal annars glæsilegan sigur Hildar Guðnadóttur á Golden Globe við tónlistarnám ríkisins, fyrir tíð nýfrjáls-hyggjunnar sem gerði pöpulinn að heiladauðum K100-hlustendum. Minna orð sósíalístaforingjans helst á „afrek Austur-Þýskalands“ í íþróttum forðum, þar sem steralasni einstaklingurinn skipti engu.  
arib@frettabladid.is

## Rauða bylgjan



Eyþór Arnalds  
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Veðrið er oft vinsælt umræðuefni á mannamótum, en hefur á síðustu árum fengið vaxandi keppinaut; umferðina í Reykjavík. Þó höfuðborgin okkar sé með þeim fámennari hefur stjórnendum borgarinnar tekist að gera umferðina að vaxandi vandamáli. Í stað skynsamlegra lausna sem liggja fyrir eru væntingar bundnar við eina lausn; borgarlínu.

Eitt dæmi um það sem bæta má er ljósastýring. Í þeim bransa eins og öðrum tæknigeirum hefur orðið snjallvæðing. Í flestum borgum er notast við sjálfvirkar stýringar með hreyfiskynjurum. Kerfin ná fram „grænni bylgju“ svo bílarnir komist sem greiðasta leið. Í Reykjavík er þessu öðru vísi farið. Við erum enn með ljósastýringar sem stjórnast af klukku og nýtum lítið þær tækniframfarir sem hafa orðið á síðustu áratugum. Hér eru svo sett upp umferðarljós í tengslum við byggingaframkvæmdir. Á þessum stöðum biða bílar oft við rauð ljós þó enginn sé að nota þau grænu. Í sumum tilfellum lenda menn á röð rauðra ljósa og hefur vinnuvikan heldur lengst vegna tafanna.

Fyrir átta árum síðan töldu borgaryfirvöld að draga myndi úr umferð einkabíla. Hið þverfuga gerðist. Í stað þess að greiða úr umferðinni hefur verið þrengt að henni. Í stað þess að bæta umferðarstýringu með grænni bylgju, hafa rauðu ljósin logað. Allt var þetta gert til að minnka hlutfall ferða með einkabílum en það hefur heldur hækkað. Umferðartafirnar bitna nefnilega á öllum ferðamátum, líka strætó.

## Leysum umferðarvandann

Það þarf að taka upp nýjar áherslur í umferðarmálum í Reykjavík. Vera leiðandi í snjóllum lausnum, en ekki leiðandi í umferðartöfum. Skipulagið er á rangri braut þar sem stofnunum fjölga áfram í miðbænum og umferðin liggur áfram með þunga í vestur á morgnana og austur síðdegis. Ekkert hefur verið gert í að skipuleggja Keldnalandið sem er hagkvæmt svæði sem gæti létt á umferðinni. Það viljum við gera. Við viljum snjalllausnir eins og við þekkjum erlendis. Það þarf ekki að finna upp hjólið í þeim efnun.



Við viljum snjalllausnir eins og við þekkjum erlendis.



# Hvernig bætum við afhendingaröryggi raforku á landsbyggðinni



**Gnýr**  
**Guðmundsson**  
yfirmaður  
greininga hjá  
Landsneti

Óhætt er að fullyrða að óveðrið sem gekk yfir landið í desember síðastliðnum hafi svo um munar afhjúpað veikleika raforkuflutningskerfisins. Landsnet hefur bent á þessa veikleika árum saman og bera áætlanir fyrirtækisins um uppbyggingu flutningskerfisins þess vitni. Áætlanir um uppbyggingu eru birtar í kerfisáætlun Landsnets sem er uppfærð árlega og samþykkt af Orkustofnun að undangengnu viðtæku umsagnarferli.

## Ný kynslóð byggðalínu er lyklatríði

Í kerfisáætlun má m.a. finna langtímaáætlun um nýja kynslóð byggðalínu. Hún verður byggð úr stálmöstrum, sambærileg þeim sem byggð voru á NA-landi, sem síður brotna þrátt fyrir ísingu og mun hafa flutningsgetu sem fullnægir þörfum landsins næstu áratugina.

Þegar verkefninu verður lokið verða virkjanakjarnar í mismunandi landshlutum samtengdir með fullnægjandi tengingum og þannig minnka líkur á að einstök svæði verði rekin í svokölluðum eyjarekstri og þar með í hættu á að verða fyrir straumleysi við truflun. Einnig mun ný kynslóð byggðalínu gefa nýjum framleiðsluáðilum víða á landinu færi á að tengjast kerfinu og auka þannig skilvirkni og afhendingaröryggi enn frekar.

## En hvað með landshlutakerfin?

En uppbygging meginflutningskerfis dugir ekki ein og sér til að tryggja afhendingaröryggi. Samkvæmt stefnu stjórnvalda eiga allir afhendingarstaðir í landshlutakerfum að vera komnir með tvöfalt öryggi eigi síðar en árið 2040 (N-1).

Eins og staðan er í dag eru þó nokkrir afhendingarstaðir í flutningskerfinu þar sem ekki er um að ræða tvöfalt öryggi, m.a. á Norðurlandi, en einnig á Austurlandi, Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. Kerfisáætlun Landsnets hefur m.a. tekið mið af þessari stefnu og í framkvæmdaáætlun má finna áætlun um tvítengingar hluta af þessum afhendingarstöðum. Má þar nefna Saudárkrók, Neskaupstað og Húsavík, en aðrir staðir eru einnig á langtímaáætlun s.s. Dalvík, Fáskrúðsfjörður og sunnanverðir Vestfirðir.

Aðrir afhendingarstaðir eru til skoðunar og hafa verkefni ekki verið skilgreind ennþá en benda má á að greiningar og áætlanir eru í stöðugri endurskoðun og taka ávallt mið af stöðu kerfisins og stefnum og straumum hverju sinni.

Annað sem á stóran þátt í bættu afhendingaröryggi er hvernig uppbyggingu og endurnýjun er háttað. Það er stefna Landsnets að öll ný og endurnýjuð tengivirki séu yfirbyggð og hefur verið unnið eftir þessari stefnu undanfarin ár. Yfirbyggð tengivirki eru ekki útsett fyrir veðurfarslegum þáttum og minnka líkurnar á að skapist ástand eins og í Hrútatungu í desember síðastliðnum, þar sem selta á tengivirkinu olli viðtækum og langvarandi rafmagnstruflunum.

Hvað varðar uppbyggingu og eða endurnýjun flutningslína í landshlutakerfunum, þá hefur Landsnet eingöngu lagt 66 kV flutningslínur sem jarðstrengi sem gerir það að verkum að þær eru ekki útsettar fyrir veðri eins og loftlínur. Kostnaður við lagningu jarðstrengja á 66 kV spennu er á pari við loftlínur og lagning 66 kV

jarðstrengja er víðast hvar tæknilega möguleg. Þó eru svæði þar sem skammhlaupsafl er það lágt að ekki er unnt að leggja allar nýjar 66 kV línur í jörðu og er bygging loftlína því óhjákvæmileg á þeim svæðum.

En það er ljóst að uppbygging og endurnýjun kerfisins mun taka tíma. Ekki er hægt að byggja upp allt kerfið samtímis og því þarf að forgangsraða verkefnum eins vel og hægt er, m.a. til að halda flutningskostnaði innan eðlilegra marka,



**Ekki er hægt að byggja upp allt kerfið samtímis og því þarf að forgangsraða verkefnum eins vel og hægt er.**

en Landsnet er á tekjumörkum sem þýðir að allur kostnaður við rekstur og uppbyggingu kerfisins lendir á notendum. Til að tryggja afhendingaröryggi til skamms tíma eru varaafstöðvar því nauðsynlegar. Landsnet hefur unnið að undirbúningi að kaupum á færanlegum varaafstöðvum.

Samtals er að ræða 12 MW af afli í nokkrum stöðvum, sem verða í færanlegum gámaeiningum. Ætlunin er að koma þeim fyrir á stöðum sem eru útsettir fyrir

truflunum, s.s. Dalvík, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum en auðvelt verður að flytja þær á milli staða ef þurfa þykir. Reiknað er með að fyrsti hluti varaafstöðvanna komi til landsins á fyrri hluta ársins og verði þá tilbúna til notkunar.

Það er því ljóst að ef áætlanir Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins ganga eftir eins og þær eru kynntar í kerfisáætlun, munu líkurnar á ástandi eins og skapaðist í desember 2019 verða mun minni en eru í dag.

**PF**

**LJÓMANDI  
UTSALA**

**ALLT AÐ 70% VERÐLÆKKUN**



# AMVÖRU



Gúmmi gatamotta gróf,  
1mx1,5mx22mm

**5.992**

Áður kr. 7.490

20%  
AFSLÁTTUR



King Pvc mottur

45x75cm kr. **792** Áður kr. 990

90x150cm kr. **2.632** Áður kr. 3.290

20%  
AFSLÁTTUR

20%  
AFSLÁTTUR

Gúmmi takkamottur

61x81cm kr. **2.872** Áður kr. 3.590

81x100cm kr. **4.792** Áður kr. 5.990

91 x 183cm kr. **7.192** Áður kr. 8.990

20%  
AFSLÁTTUR

Gúmmi gatamotta mjúk fyrir vinnustaði,  
30x90x12mm

**1.672**

Áður kr. 2.090



20%  
AFSLÁTTUR

Drive Pro Ryk/vatnssuga ZD90 1400W

**10.792**

Áður kr. 13.490



20%  
AFSLÁTTUR

DELTA Föðurland bolur M

**4.792**

Áður kr. 5.990



20%  
AFSLÁTTUR

Delta föðurland buxur M

**2.792**

Áður kr. 3.490



20%  
AFSLÁTTUR

Delta GRAY ANZIO SWEAT JACKET XL

**7.192**

Áður kr. 8.990



20%  
AFSLÁTTUR

Pro Flex Gulir hanskar

**260**

Áður kr. 325

Verð áður 14.900

**11.992**

Lavor Ninja Plus 130 háþrýstidæla

1800W, 130 bör  
420 L/klst.

20%  
AFSLÁTTUR



20%  
AFSLÁTTUR

Verð áður 29.990

**23.992**

Lavor SMT 160 ECO

2500W, 160 bör  
(245 m/túrbóstú)  
510 L/klst.

Þrjár stillingar: mjúk  
(t.d. víður), mið (t.d.  
bill) og hörð (t.d.  
steypa).



20%  
AFSLÁTTUR

Hrærivél Drive-HM-120  
1200W. 40-60 ltr.

**14.392**

Áður kr. 17.990

Drive-HM-140 1600W **18.392** Áður 22.990

Drive-HM-160 1600W **22.392** Áður 27.990

30%  
AFSLÁTTUR

Drive lóðbolti

**658**

Áður kr. 940



Made by Lavor


Strekki band lás-krók.  
5cm x 8 mtr 4.545 kg

**2.468**

Áður kr. 3.290



30%  
AFSLÁTTUR



20%  
AFSLÁTTUR

Borðsög 230V  
50HZ 1800W

**23.192**

Áður kr. 28.990

25%  
AFSLÁTTUR



Drive Smergel 150w

**3.743**

Áður kr. 4.990



20%  
AFSLÁTTUR



20%  
AFSLÁTTUR

Tengibox 3ja fasa  
32A-2x16A-4x230v

**22.392** kr.

Áður 27.990 kr.

Tengibox 3ja fasa  
32A1x16A-4x230v

**15.992** kr.

Áður 19.990 kr.



20%  
AFSLÁTTUR

Snjóskófla 110cm  
m. Y-handfangi

**1.836**

Áður kr. 2.295



20%  
AFSLÁTTUR

Snjóskófla medium  
m. Y-handfangi

**2.156**

Áður kr. 2.695



20%  
AFSLÁTTUR

Snjóskófla stór 135cm  
m. Y-handfangi

**2.316**

Áður kr. 2.895



20%  
AFSLÁTTUR

Snjóskafa löng 170cm  
m. tréskaftri

**1.116**

Áður kr. 1.395



30%  
AFSLÁTTUR

Karbít dósaborasett í tösku. 6stk

**3.493**

Áður kr. 4.990



25%  
AFSLÁTTUR

Drive Bonvel/rokkur1100w

**6.743**

Áður kr. 8.990



25%  
AFSLÁTTUR

Drive Fjölnotatæki 280W

**3.743**

Áður kr. 4.990



25%  
AFSLÁTTUR

LuTool fjölnota sög  
/hjakktæki/juðari. 300W.

**5.243**

Áður kr. 6.990



20%  
AFSLÁTTUR

Gólfskafa 450mm

**712**

Áður kr. 890

Fyrirvari um prentvillur.

Pallettutjakkur Rafmagns  
1,5tonna 70Ah

**223.920** kr.

Áður 279.900 kr.

20%  
AFSLÁTTUR

Bíla búkkar max 3 tonn 2stk

**2.529**

Áður kr. 3.890

35%  
AFSLÁTTUR

20%  
AFSLÁTTUR

LuTool gráðukútsög  
305mm blað

**36.392**

Áður kr. 45.490



20%  
AFSLÁTTUR

Flísasög  
BL200-570A 800W

**36.392**

Áður kr. 45.490

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

# ÚTSALA

## Víniparket – Harðparket – Flísar

### Harðparket, víniparket,

Frá kr.  
**989** pr.  
m<sup>2</sup>

**20-50%  
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi:

8,3mm Harðparket Dökk Eik Verð nú: **989** kr/m<sup>2</sup> áður: 1.690 kr/m<sup>2</sup>  
10mm Harðparket Oak Supreme Natural Verð nú **989** kr/m<sup>2</sup> áður 2.590 kr/m<sup>2</sup>  
12mm Harðparket Chalet Rustic Verð nú **989** kr/m<sup>2</sup> áður 3.590 kr/m<sup>2</sup>  
Vinyl parket með áföstu undirlagi nú **4.718** kr/m<sup>2</sup> áður 6.290 kr/m<sup>2</sup>

### Gott úrval flísa

**20-50%  
AFSLÁTTUR**

Frá kr.  
**989** pr.  
m<sup>2</sup>

Verðdæmi:

Ceraviva SN04 Veggflís 30x60 Verð nú **989** kr/m<sup>2</sup> áður: 2.990 kr/m<sup>2</sup>  
Ceraviva Desert Olive vegg/gólf flísar Verð nú: **1.794** kr/m<sup>2</sup> áður 2.990 kr/m<sup>2</sup>  
Netto Roverwood Natural parketflísar Verð nú: **1.734** kr/m<sup>2</sup> áður: 2.890 kr/m<sup>2</sup>  
Netto White Shiny veggflís Verð nú: **1.014** kr/m<sup>2</sup> áður: 1.690-kr/m<sup>2</sup>

**CERAVID** 

**20%  
AFSLÁTTUR**

3-6 lítra  
hnappur

**CERAVID SETT**  
WC - kassi, hnappur  
og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara  
**31.112**  
Áður kr. 38.890

Skál:  
„Scandinavia  
design“

**60%  
AFSLÁTTUR**

Ceravid Bathlin Classic  
hornbaðkar 140cm  
**13.156**  
Áður kr. 32.890

**25%  
AFSLÁTTUR**

**GUOREN**

Guoren Sturtusett  
með hitastýrðum  
blöndunartækjum  
**28.425**  
Áður kr. 37.900

Ríga salerni með setu  
m/stút í gólf  
**17.993**  
Áður kr. 23.990

**25%  
AFSLÁTTUR**

**30%  
AFSLÁTTUR**

Glerþil 75x220x8  
álhlíðar/ryðfrítt stál  
**15.992**  
Áður kr. 19.990

**20%  
AFSLÁTTUR**

**20%  
AFSLÁTTUR**

Gua-543-1 vegghengdur vaskur,  
1mm stál, einnig fáanlegur í borð  
**10.392**  
Áður kr. 12.990

**30%  
AFSLÁTTUR**

Oulin Florens  
eldhústæki  
**7.623**  
Áður **10.890** kr.

**15%  
AFSLÁTTUR**

Ceravid vegghengd  
handlaug  
**4.837**  
Áður kr. 5.690

Stálvaskur 1 hólf 37x33x16cm  
**4.753**  
Áður kr. 6.790

**30%  
AFSLÁTTUR**

**30%  
AFSLÁTTUR**

Stálvaskur 1 hólf 86x50x20,5cm  
**9.723**  
Áður kr. 13.890

Stálvaskur 1 hólf 80x48x18,5cm  
**7.693**  
Áður kr. 10.990

Guoren 1L Hitastýrt  
baðtæki standard  
**12.743**  
Áður kr. 16.990

**25%  
AFSLÁTTUR**

**25%  
AFSLÁTTUR**

**20%  
AFSLÁTTUR**

Sturtuhús 200 mm  
**3.192**  
Áður kr. 3.990

**Kaliber Black II**  
gasgrill  
3 brenningar (9kW).  
Grillflötur 60x42cm

**20%  
AFSLÁTTUR**

**31.992**  
Áður kr. 39.990

**25%  
AFSLÁTTUR**

**25%  
AFSLÁTTUR**

**20%  
AFSLÁTTUR**

**Kaliber**  
Ferðagasgrill  
2 brenningar (5kW)  
Grillflötur 53x37cm

**19.672**  
Áður kr. 24.590

Guoren Sturtusett  
með hitastýrðum  
blöndunartækjum  
**10.493**  
Áður kr. 13.990

Guoren 4F Hitastýrt  
baðtæki Exclusive  
**14.243**  
Áður kr. 18.990

**50%  
AFSLÁTTUR**

Mistillo  
Sturtusett,  
svart  
**7.495**  
Áður kr. 14.990



netgíró

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Hættur að velta mér upp úr áföngum

Þrjú leikmenn náðu þeim merka áfanga að leika deildarleik á Íslandi fjórða áratuginn í röð um helgina. Hlynur Bæringsson, Helgi Magnússon og Logi Gunnarsson náðu því og getur Jakob Örn Sigurðarson náð því í vor ef hann nær sér af meiðslum í tæka tíð.

**KÖRFUBOLTI** Þrjú leikmenn náðu þeim magnaða áfanga um helgina að spila leik á fjórða mismunandi áratugnum á ferlinum í fyrstu umferð Domino's-deildarinnar eftir jólafrí. Logi Gunnarsson, bakvörður Njarðvíkur, lék tæplega 20 mínútur í sigri Njarðvíkinga á ÍR, Helgi Már Magnússon lék tæplega 40 mínútur í naumum sigri KR-inga í Grindavík og Hlynur Elías Bæringsson lék 25 mínútur í fjórtán stíga sigri á Þór Þorlákshöfn. Það gerðist sömu helgi og Vince Carter, leikmaður Atlanta Hawks, náði þessu afreki í NBA, fyrstur í sögu deildarinnar.

„Það var skrytið að sjá þetta en maður er hættur að velta sér upp úr svona áföngum, líka þegar kemur að fæðingardögum eftir að ég sá að margir í liðinu voru ekki fæddir þegar ég lék minn fyrsta landsleik. Fæstir í liðinu mínu og ef til vill deildinni voru fæddir þegar ég lék fyrsta leik minn í deildinni,“ segir Hlynur, léttur í lund, þegar Fréttablaðið heyrir í honum til að spyrja út í þennan áfanga.

Aðspurður segist Hlynur hafa tekið eftir þessum möguleika fyrir á þessu tímabili þegar hann las afrek að Carter.

„Ég fór einmitt að velta því fyrir mér á dögnum þegar ég sá umfjöllunina um að Vince Carter yrði sá fyrsti í NBA-deildinni og við erum nokkrir sem eru að ná þessu. Helgi og Jakob voru að stíga fyrstu skref sín í KR fyrir aldamót og Logi var byrjaður að spila með Njarðvík. Lykillinn er að byrja undir lok áratugarins,“ segir Hlynur þegar hann bendir á að hann sé ekki sá eini sem sé að ná þessu afreki.

Jón Arnór Stefánsson lék fyrsta opinbera keppnisleik sinn með KR vorið 2000 og nær því ekki að komast með liðsfélögum sínum til margra ára í þennan fámenna klúbb.

„Þetta er orðið rosalega langur tími, 23 ár núna í haust frá því að ég kom inn í lið Snæfells, þá ennþá í 10. bekk. Ég hef oft þælt í því, þegar menn spila eins lengi og ég hver aldursmunurinn er á liðsfélögum mínum í dag og liðsfélögum mínum í byrjun. Alexander Ermolinskij, sem var liðsfélagi minn fyrsta árið, var fæddur 1959 og ég var að spila gegn eldri mönnum sem eru ein-



Hlynur hefur verið einn besti miðherji deildarinnar frá því að hann samdi við Stjörnuna á haustdögum fyrir þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hverjir að detta í ellilífeyrinn þessa dagana. Ég fékk fljótlega stórt hlutverk og lék með mörgum heidursmönnum,“ segir Hlynur um tíma sinn hjá Snæfelli þegar hann var að stíga fyrstu skref sín í efstu deild.

Aðspurður segir Hlynur deildina í dag vera mun sterkari.

„Deildin hefur breyst mikið og er miklu miklu sterkari í dag. Það er annað landslag, önnur nálgun og hlutirnir teknir mun fastari tókum í dag. Eins og margar íþróttir er margt búið að breytast,“ segir Hlynur um breytt landslag deildarinnar.

„Ég naut góðs af því að ég var í

Ég var að spila gegn eldri mönnum sem eru einhverjir að detta í ellilífeyrinn þessa dagana.

Hlynur Bæringsson um andstæðinga sem hann mætti árið 1997 sem sextán ára drengur.

slakara liði og komst fyrir inn en margir jafnaldrar mínir. Það eru færri tækifæri með yngri leikmönnum þegar það eru komnir svona margir útlendingar. Kannski eru þeir fullmargir en auðvitað er á sama tíma frábært hvað deildin er orðin sterk.“

Jakob Örn Sigurðarson verður frá næstu vikurnar vegna meiðsla og á því eftir að jafna áfanga Hlyns, Loga og Helga Mús.

„Það er nú ekkert öruggt að þetta náist miðað við ástandið í dag,“ segir Hlynur hlæjandi og segir endurhæfinguna daginn eftir yfirleitt ganga

vel þrátt fyrir að vera að nálgast fimmtugsaldurinn.

„Skrokkurinn er finn, ég hef verið heppinn með meiðsli í ár og er góður í dag. Auðvitað er smá stífleiki og eftir suma leiki er maður eins og maður hafi lent í bílslysi en heilt yfir er ég ánægður. Á meðan mér líður svona held ég áfram. Markmiðið er að þetta sé ekki mitt síðasta tímabil en ég er líka meðvitaður um það hvenær tíminn kemur til að hætta. Ég ætla ekki að vera neinn farþegi undir lokin, frekar stefni ég á að fara út með reisin.“

kristinnpall@frettabladid.is

## KSÍ styrkir golfverkefni um eina og hálf milljón króna

**FÓTBOLTI** Stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur samþykkt að styrkja rannsóknarverkefni Eureka Golf um eina og hálf milljón króna, eða fimm hundruð þúsund á ári næstu þrjú árin. Verkefnið varðar bindingu kolefnis með slegnu grasi og KSÍ sá hag í því enda er gras einfaldlega gras, hvort sem það er á golfvelli eða knattspyrnuvelli.

Ingi Sigurðsson, formaður mannvirkjanefndar KSÍ, segir að verkefnið sé spennandi og knattspyrnan geti nýtt sér þann fróðleik sem fæst með verkefninu.

„Þetta er stórt og mikið verkefni sem snýr fyrst og fremst að golfvöllum en þetta tengist víða. KSÍ fékk erindið inn á borð til sín, hvort áhugi væri á að nýta sér upplýsingarnar fyrir knattspyrnuvelli. Mannvirkjanefndin fór í gegnum það, og þeir sem þekkja vel til varðandi þessi mál, hvernig við gætum komið að málinu til að nýta



Gervigrasið hefur gjörbylt knattspyrnuíðkun á Íslandi og fallegur fótbolti sést nú á iðagrænum völlum víðsvegar um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mannvirkjanefndin fór í gegnum það, og þeir sem þekkja vel til varðandi þessi mál, hvernig við gætum komið að málinu til að nýta fyrir knattspyrnuna.

fyrir knattspyrnuna,“ segir Ingi. Á síðasta stjórnarfund KSÍ var einnig tekið fyrir bréf til aðildarfélaga í kjölfar bréfs ECHA, Efnastofnunar Evrópu, frá því í júní 2019 um innfylliefni gervigrasvalla. Samþykkti stjórn KSÍ að senda bréf til aðildarfélaga um málið og í framhaldinu til sveitarfélaga. Í bréfinu verður vísað í leiðbeiningar á heimasíðu ECHA um málið.

„Það fjallar um þetta mikróplast. Innfylliefni á gervigrasvöllum

flokkast undir mikróplast. Þess vegna koma gervigrasvöllir inn á þeirra borð. Þetta er mál sem hefur verið í gangi og UEFA hefur verið að ræða við stofnunina fyrir hönd knattspyrnusambanda,“ segir Ingi. Hann segir að ekki hafi tekist að finna jafngott efni og dekkjakurlið þegar kemur að innfylliefni á gervigrasi.


„Knattspyrna á norðurlöndum er háð gervigrasi. Það er áskorun fyrir þá sem eru að framleiða gervigrasið að finna umhverfisvænni innfylliefni því dekk sem slík eru auðvitað ekkert ólögleg eða slæm en um leið og þau eru kurluð þá fellur það undir mikróplast.

Það er spennandi tilraun í gangi í Svíþjóð sem önnur Norðurlönd eru að horfa til. Sú snýst um hvernig er hægt að koma í veg fyrir að dekkjakurl fari af völlum og í holræsin. Það dekkjakurl sem fari í völlum upphaflega haldist innan hans.“ – bb

# HEILSA

ÞRIÐJUDAGUR 7. JANÚAR 2020

Heilsa



Júlían J.K. Jóhannsson er kominn með glæsilegt safn af verðlaunum heima hjá sér en er samt bara rétt að byrja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Markaðurinn** er á  
frettabladid.is

Markaðurinn færir þér  
nýjustu viðskiptafréttirnar  
og greinargóða umfjöllun  
um viðskiptalífð.



## Stoltur en stefnir hærra

Júlían J.K. Jóhannsson varð nýverið fyrsti kraftlyftingamaðurinn til að verða valinn íþróttamaður ársins í 38 ár. Júlían er afar stoltur af árangrinum. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is



**K**raftlyftingamaðurinn Júlían Jóhann Karl Jóhannsson var valinn íþróttamaður ársins 2019 í árlegri kosningu Samtaka íþróttafréttamanna. Júlían segir að það hafi verið ótrúlega góð tilfinning að fá titilinn, þótt það hafi að vísu tekið hann nokkra daga að átta sig á því sem hefði gerst.

„Þetta kjör er stærsta svona tilnefningin á Íslandi, þannig að þetta er rosa stórt, bæði fyrir mig persónulega og kraftlyftingar almennt,“ segir Júlían. „Ég bjóst í rauninni ekki við þessu, en ég vissi samt að ég væri í topp tíu og ég lenti í öðru sæti í fyrri, þannig að ég leyfði mér að vona og var undirbúinn.“

Ég man eftir að fylgjast með kjörinu í sjónvarpinu sem barn og maður hefur alltaf horft til þess,“ segir Júlían. „Manni hefur þótt mislíklegt að vinna, enda langt síðan kraftlyftingamaður vann, en maður hefur alltaf haft það á bak við eyrað að stefna að þessum titli.“

## Stoltur af árangrinum á HM

Júlían segir að árangur hans á heimsmeistaramótinu í Dúbaí í lok nóvember sé það sem hann sé stoltastur af frá liðnu ári.

„Þetta er í raun þriðja árið sem ég lenti í þriðja sæti, en núna bætti ég samanlagðan árangur minn rosalega, sem og heimsmetið í réttstöðulyftu og sýndi að ég er kominn til að vera,“ segir Júlían.

Hann segir að ýmsar breytingar hafi gert þennan frábæra árangur mögulegan.

„Ég fer inn í þetta mót með æfingafélaga minn til 10 ára, Auðun Jónsson, sem þjálfara. Það er gríðarlega sterkt að hafa svona reynslubolta með sér og við förum í ýmsar breytingar, bæði í hnébeygjástíl og bekkpressu,“ segir Júlían. „Ég tók líka 16 vikur í að hugsa bara um þetta mót og það er fátt sem toppar slíka einbeitingu.“

Þessar breytingar komu sérstaklega í ljós í bekknum, þar sem ég bætti mig um 15 kíló og tók



Júlían í réttstöðulyftu á Reykjavíkurlíkunum 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að ég hefði komist í þetta heimsmetaform, bætt metið og svo haldið mér í því formi, þannig að ég gef ekkert eftir og held áfram að bæta mig.“

Kraftlyftingar snúast um þrjár lyftur, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu.

„Af þeim finnst mér réttstöðulyftan skemmtilegust og hún hefur legið best fyrir mér. Í grunninn er þetta skemmtilega einföld lyfta, en hún er líka ansi margslungin,“ segir Júlían. „Í kraftaíþróttum á Íslandi hefur lyftan líka haft menningarlegt gildi og verið hálf godsagnakennd, en margir Íslendingar hafa sett met í henni. Það hefur veitt mér innblástur og ég hef æft fyrir þetta met í átta ár að einhverju leyti, ég hef alltaf haft þetta í huga.“

## Dýrmætt að finna sína ástríðu og ganga vel í lífinu

Lyftingar hafa átt allan hug Júlíans síðan hann var 15 ára.

„Það er dýrmætt að hafa fundið mína ástríðu í íþróttinni,“ segir Júlían. „Kraftlyftingar gefa mér rosa mikið. Þetta er heilbrigð hreyfing sem hefur jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu og maður kynnist mörgu fólki við að vera við æfingar 12-18 tíma á viku í 10 ár. Það eru mörg góð áhrif af því að vera í íþróttastarfi og í svona einstaklingsíþrótt læri ég líka aga, að treysta á sjálfan mig og að taka ábyrgð á sjálfum mér.“

Stundum gengur vel og stundum ekki, eins og með allt í lífinu. Eftir góðar æfingar svifur maður um en eftir lélegar æfingar finnst manni allt glatað og maður er alveg búinn á því. Það sama gildir um mót og lélegt gengi þar getur dregið mann langt niður,“ segir Júlían. „En ég held að það sé hluti af þessu. Ef það gengi alltaf vel væri maður ekki svona lengi í þessu.“

Júlían hefur sagst vera ástfanginn af því að æfa og keppa og er með góð ráð fyrir þá sem vilja eiga auðveldara með að finna löngunina til hreyfa sig.

„Númer eitt er að fólk er mismunandi og það eru ekki allir gefnir fyrir sömu íþróttirnar. Hver og einn þarf því að finna sína ástríðu og til þess þarf að prófa nóg af ólíkum íþróttum,“ segir

Það er stórt ár fram undan hjá Júlían. Hann verður pabbi í mars og ætlar að verða Evrópumeistari í maí. Svo tekur við undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið í lok árs og heimsleikana á því næsta.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

hann. „Eftir að fólk hefur fundið sína íþrótt þarf líka að átta sig á að íþróttum, eins og öllu öðru, ganga hlutirnir misjafnlega og ekkert er gefið.“

Ég hef líka uppgötvað hvað forgangsröðun er mikilvæg, því maður er alltaf að forgangsraða því sem mann langar mest í núna á móti því sem mann langar mest í, punktur,“ segir Júlían. „Þá verða fórnir hluti af þessu.“

## Lyftingar, vinna, barn og nam

Það er nóg fram undan hjá Júlían á nýju ári. Næsta stórmót er Evrópumeistaramótið í maí og Júlían stefnir á að koma heim með Evrópumeistaratitilinn.

„Það verður ekkert gefið eftir og þetta ár fer í að tryggja mér farmiða á heimsleikana sem fara fram á næsta ári, en þeir eru haldnir fjórða hvert ár,“ segir Júlían. „Til þess þarf ég að stimpla inn góðan árangur á heimslista og tryggja mér sæti á heimsmeistaramótinu í lok ársins. Ég er bjartsýnn á að það gangi, en maður þarf að vinna fyrir þessu, mæta og gera sitt. Minn æðsti draumur er svo að verða heimsmeistari.“

En Júlían er ekki bara upptekinn við kraftlyftingarnar. Hann og Ellen Ýr, kærasta hans, eiga von á barni í mars, svo að föðurhlutverkið heldur honum líka uppteknum á nýju ári.

„Það er rosalega spennandi. Við búum tvö saman núna og hlökkum til að stækka fjölskylduna,“ segir hann.

Þar fyrir utan vinnur Júlían hlutastörf sem hann púslar í kringum æfingarnar. Hann hefur lengi unnið á Listasafni Einars Jónssonar en nú er hann aðallega að vinna sem ráðgjafi á Stuðlum.

„Það er hluti af þessu, ég get ekki verið atvinnumaður í þessari íþrótt. Það getur verið vinna að púsla þessum öllu saman en ég hef lært þetta, að forgangsraða og púsla saman tíma,“ segir Júlían. „Ég get ekki sagt að ég hafi tíma fyrir nein áhugamál en ég hef lagt stund á nám í sagnfræði við Háskóla Íslands, þó að ég hafi reyndar tekið hlé í aðdraganda HM. En mér finnst það mjög áhugavert og dropinn holar steininn.“

## ÚTSALAN ER HAFIN



Tískan

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Skipholt 21 | Sími 551 0770  
www.tiskan.is

330 kíló í heild,“ segir Júlían. „Ég hef átt í stormasömu sambandi við bekkinn og reglulega lenti í álagsmeiðslum og tognad í brjóstvöðvum. Það gerðist líka í fyrri, en Ellen Ýr Jónsdóttir, kærastan mín, sagði samt við mig: „Júlían, ég finn það á mér að þú ert að fara að bæta þig í bekk á þessu móti.“ Það eru örugglega ekki margar kærustur sem sjá bekkbætingar fyrir.

Það er líka mjög sjaldgæft að ná svona mikilli bætingu þegar maður er kominn á þennan stað,“ segir Júlían. „Samtals lyfti ég 1.148 kílóum, en fyrir mótið var minn besti árangur 1.115 kíló, þannig að bætti ég mig um 33 kíló.“

Ég þakka árangurinn líka því marga góða fólk sem er í kringum mig og styður við bakið á mér, sem og því að ég hef hagað aðstæðum þannig að þetta sé númer eitt hjá mér,“ segir Júlían.

## Godsagnakennd lyfta

Júlían hefur tvíbætt heimsmetið í réttstöðulyftu. Fyrst í nóvember 2018, en þá hafði það verið óhreyft í 7-8 ár, og í nóvember síðastliðnum bætti hann svo sitt eigið met.

„Það var rosalega góð tilfinning. Það er búið að vera langtímdraumur og markmið að snerta á þessum tölum,“ segir Júlían. „Þegar ég bætti mitt eigið heimsmet fannst mér það til marks um

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jónhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhanna Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jóhanna Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,



Með vél við hæfi 8



Enn meiri ánægja

6

## Toyota og Alonso saman í Dakar

Heimsmeistarinn fyrrverandi úr Formúlu 1 Fernando Alonso glímir nú við erfiðustu akstursraun sína til þessa en hann keppir nú í Dakarrallinu. Honum gekk vel á fyrstu sérleið sunnudagsins og var í fjórða sæti í gær þegar hann var svo óheppinn að keyra á stein og skemma dekk og fjöðrun. Honum tókst þó að komast aftur af stað eftir tveggja tíma viðgerð. 2

## ÖRUGGT START

### MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is) og fáið nánari upplýsingar.



## Toyota RAV4 mest seldi bíllinn 2019

Sala nýrra fólksbíla á árinu 2019 var nokkuð minni en 2018 en í heildina seldust 11.728 nýir fólksbílar árið 2019 en 17.976 bílar árið 2018. Samdráttur milli ára var 34,8% en hafa ber í huga að 2018 var fyrir ofan meðallag söluára eftir aldamót. Vinsælasta einstaka vörumerkið var Toyota með 16,8% hlutfall, þar á eftir fylgdu Kia með 12,6% og Hyundai með 6,8%.

Þegar sölutölur ársins 2019 eru skoðaðar út frá því hver var vinsælasti bíllinn kemur ekki á óvart að Toyota-bíll tróni þar á toppnum en nýr RAV4 var vinsælastur með 696 seld eintök. Toyota RAV4 var líka ofarlega í valinu á bíl

ársins í ár og vann flokk jepplinga. Í öðru sæti varð Dacia Duster með 552 bíla og MMC Outlander þriðji með 418 eintök. Toyota var með þrjá bíla í topp 10 en Land Cruiser varð í fjórða sæti með 384 bíla, en til að eiga fyrir einum slíkum þarf að punga út að lágmarki 8.480.000 krónum. Toyota Yaris var svo fimmti en af honum seldist 371 bíll.


Dæmið breytist svo aðeins þegar skoðað er hvaða bílar eru keyptir af almenningsi og hvaða bíla hinar fjölmörgu bílaleigur landsins kaupa, en þær keyptu 41,5% allra bíla á árinu 2019. Vinsælasti bílaleigubíllinn er Dacia

Duster en hann kemst ekki einu sinni inn á listann yfir 10 vinsælastu bíla meðal almennings. Þar fer MMC Outlander fremstur í flokki með 397 bíla selda til einstaklinga. Toyota RAV4 er þar fast á hæla honum í öðru sæti með 347 eintök og Hyundai Kona jepplingurinn þriðji með 208 bíla. Toyota RAV4 er einnig í öðru sæti

þegar kemur að bílaleigum með 346 bíla og Land Cruiser salan er greinilega mest bílaleigumegin en þær keyptu 234 slíka.



### Sala nýrra bíla 2019



Honda E veur athygli fyrir þann mikla tæknibúnað sem í honum er, eins og skjáum hlaðið mælaborðið.

## Tveir frumlegir á Fosshálsinum

Til landsins er komið eitt eintak af Honda E rafbilnum úr forframléiðslu á honum og er hér um sýningareintak að ræða. Ekki verður því hægt að reynsluaka þessum bil enn sem komið er. Að sögn Jónasar Kára Eiríkssonar hjá Öskju verða tvær gerðir bílsins í boði. „Báðar útfærslur eru mjög vel búnar en þetta er fyrsti rafmagnsbíll Honda og er tæknilega mjög fullkominn. Hann mun kosta frá 3.950.000 krónum og verður dýrari útfærslan á 4.290.000 krónum,“ segir Jónas Kári. Drægi Honda E er 220 km samkvæmt WLTP-staðlinum enda bíllinn hugsaður sem borgarbil. Báðir bílarnir verða með þremur skjáum í mælaborði, 8,8 tommu skjá fyrir framán öku-mann en tvo 12,3 tommu vinstra megin í mælaborðinu. Auk þess eru svo tveir minni sem sýna aftur með hliðum bílsins enda engir hliðarspeglar á Honda E. Í dýrari útfærslunni kemur hann svo með 360° myndavél, stafrænum bak-sýnisspegli, sjálfvirkri stæðalögn, 376 vatta hljóðkerfi með bassa-keilu og 154 hestöfl í stað 136. Fyrstu bílarnir verða afhentir væntanlegum kaupendum í júlí.

Honda NSX er sannkallaður ofurbíll enda átti hann að keppa við Ferrari 348 og heimsmeistarinn Ayrton Senna kom að hönnun undirvagnsins. Sá bíll þótti framúrstefnulegur þegar hann kom fram á sjónarsviðið á miðjum niunda áratugnum, með yfirbyggingu og grind úr áli. Í dag er byggingin flóknari, með miðjugrind úr áli ásamt tveimur aukagrindum fyrir fjöðrun og vél. Dempararnir eru segulstyrðir í tvöfaldr klaf-fjöðrun. Vélin er fyrir miðjum bíl, 3,5 lítra V6-bensínvél með tveimur forþjöppum. Vélin fer á rauða strikið við 7.500 snúninga og skilar 500 hestöflum og 550 newtonmetra togi. Þá er aflið ekki upptalið því að við vélinu er 47 hestafla rafmótor og svo fyrir aftan hann níu þrepa sjálfskipting með tveimur kúplingum. Að framan eru svo tveir 36 hestafla rafmótorar, einn við hvert hjól. Samtals er bíllinn því um 600 hestöfl og er aðeins 3,3 sekúndur í hundradíð sem er ansi gott fyrir sex strokka bíl. Þeir sem vilja skoða þennan bíl í fyrsta skipti á Íslandi geta mætt í Honda umboðið á Fosshálsi áður en hann fer aftur til síns heima næstu daga.



Vélin í Honda NSX er V6 bensínvél en með hjálp rafmótora skilar bíllinn tæpum 600 hestöflum.



Toyota Hilux keppnisbíllinn er sérsmíðað tryllitæki með tæplega 400 hestafla V8-vél aftur í bilnum.

## Toyota og Alonso saman í Dakar

**Dakarrallið hófst um helgina í Sádi-Arabíu í fyrsta skipti í sögu rallsins. Keppnin hófst í Jedda og eftir að ökutækin 334, sem taka þátt í fimm flokkum ökutækja, hafa lokið tæplega 8.000 kílómetra akstri á 13 dögum endar það föstudaginn 17. janúar í bænum Qiddiyah, rétt fyrir utan höfuðborgina Riad.**

Meðal keppanda í Dakarrallinu í Sádi-Arabíu er enginn annar en fyrrverandi heimsmeistari Formúlu 1, Fernando Alonso. Spánverjinn, sem er orðinn 38 ára, segir að þetta rall verði erfiðasta þolraun hans í mótorsporti hingað til. Alonso varð heimsmeistari í Formúlu 1 árið 2005 og 2006 og vann 24 stunda þolkappaksturinn tvö ár í röð fyrir Toyota 2018 og 2019. Hann á því aðeins eftir að vinna Indianapolis 500 til að ná hinni þreföldu kórónu mótorsportsins, en eini ökumaðurinn sem náð hefur þeim árangri er Bretinn Graham Hill. Mun Alonso reyna við það verkefni síðar á árinu. Fernando Alonso mun keppa í Dakar fyrir Toyota Gazoo keppnisliðið á sérútbúnum Hilux. Vélin í keppnisbilnum er aftur í og er fimm lítra V8-vél sem skilar 385 hestöflum. Það sem skiptir þó meira máli í keppni sem þessari er hvernig snúningsvægi hennar er, en af nógu er að taka með 620 newtonmetra til að spila úr og ætti Hilux-jepinn að ráða vel við risastórar sandöldurnar.

Það er ekki aðeins aksturinn sem er erfiður í keppni sem þessari því að stór hluti af því að ná



Fernando Alonso er hæfileikaríkur ökumaður en hvað það dugur honum þegar á sandhólminn er komið sjáum við á næstu dögum.

» Þrátt fyrir að hafa átt í erfiðleikum í gær vegna skemmda á bíl sínum er ekki hægt að afskrifa Alonso enda var hann meðal efstu keppenda þegar það gerðist. Hann tapaði tveimur stundum vegna viðgerða og er í 61. sæti eins og er.

Árangri í Dakarrallinu er að rata. Til þess að hjálpa Alonso við það verkefni er fimmfaldr sigurvegari Dakarrallsins í mótorsportflokkum, enginn annar en Marc Coma, og ef einhver getur ratað gegnum sandhóla og vegleysur er það einmitt hann. Um 20 ökuþórar úr Formúlu-1 hafa reynt við Dakarrallið en Alonso er sá eini sem landað hefur heimsmeistaratitli. Sá fyrsti þeirra til að vinna Dakarrallið var Jacky Ickx sem vann 1983 og varð annar 1986 og 1989. Að vinna Dakarrallið er ekki auðvelt verkefni eins og nífaldr heimsmeistari í ralli, Sebastien Loeb, getur vitnað um. Hann keppti 2016-2019 og þó að hann hafi unnið 13 sérleiðir náði hann aldrei að vinna sjálft rallið þrátt fyrir alla reynslu sína.







**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER WAY**

# Hilux

## EINN, TVEIR & ÞRÍR AUKAHLUTAPAKKAR

**H1** 33" breyting með Goodyear dekkjum og dráttarbeisli.  
**TILBOÐSVERÐ 420.000 kr.** Fullt verð 783.000 kr.

**H2** Dráttarbeisli, Goodyear dekk, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.  
**TILBOÐSVERÐ 290.000 kr.** Fullt verð frá 497.000 kr.

**H3** Protect lakkvörn, brettakantar og húddhlíf.  
**TILBOÐSVERÐ 120.000 kr.** Fullt verð 201.000 kr.



Núna bjóðum við úrval jeppavænna tilboðspakka með Hilux hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Jeppaðu upp tilveruna með aukahlutapakka á sjaldséðum kjörum.

**Sjá nánar á [toyota.is](http://toyota.is)**



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
570 5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
420 6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Hver á gögnin sem bíllinn þinn geymir?

**Bládamaður hjá The Washington Post lét hakkara brjótast inn í tölvu bíls og ná í upplýsingar um eiganda hans.**

Bílar í dag eru að verða sífellt fullkomnari og tengdari en áður. Sumir nýir bílar eru meira að segja orðnir nettengdir beint við þjónustutölvur viðkomandi framleiðanda og þarf þá ekki einu sinni tengingar á verkstæði við. Vegna þessarar þróunar hefur sú umræða hver eigi að hafa vald yfir þessum gögnum aukist að undanfögnu. FIA mótorsportsambandið hefur þar verið í fararbroddi og sett af stað herferð sem heitir „Billinn minn – gögnin mín“ og beint er gegn framleiðendum. Billinn þinn getur nefnilega sagt hvar hann hefur verið, í hverja þú hringdir, hvernig þú keyrðir og margt, margt fleira.

Flestir bílar í dag geyma talsvert af gögnum og má þar meðal annars finna síðustu 100 staði þar sem bílnum var lagt, síðustu staði sem slegnir voru inn í leiðsögukerfið, viðhaldssögu og gögn um aksturslag eiganda. Þetta kom fram í skýrslu ADAC árið 2015. Hann geymir einnig hversu oft það teygðist á öryggisbeltum vegna þess að þú hemlaðir snögglega. Allar þessar upplýsingar skapa vissa hættu fyrir eigendur ökutækjanna. Það er betur hægt að fylgjast með viðkomandi sem kemur inn á persónuverndarlög, það er hægt að skoða aksturslag sem getur leitt til lækkunar á



Gegnum tölvu bílsins sem tengist upplýsingaskjá má nálgast aragrúa upplýsinga um notandann, oft í gegnum farsímatengingu viðkomandi.

ábyrgð framleiðanda, auk þess sem aukinn búnaður af þessu tagi leiðir venjulega til þess að auðveldara verður að hakka sig inn á kerfi bílanna og stela upplýsingum. Bílaframleiðendur vilja kalla þetta hliðarsjálfbílsins, að þeir geti haft afrit af gögnum bílsins á tölvu í höfuðstöðvum sínum. Þetta þýðir í raun að framleiðendur hafa tögl og hagdir þegar kemur að geymslu

gagna. Framleiðendur geta notað gögnin til að bæta þjónustu og jafnvel bæta bíla sína því að í þeim má sjá ýmislegt sem notendur þeirra gera. Framleiðendur vilja ekki að utanaðkomandi komist inn á tölvukerfi bíla sinna og bera við öryggi til að réttlæta einokun þeirra á upplýsingunum.

Bládamaður The Washington Post fékk á dögnum bíltölvusér-

fræðing til að prófa að brjótast inn í tölvu 2017 árgæðar af Chevrolet Volt. Það tók sérfræðinginn nokkra klukkutíma að rífa í sundur mælaborð bílsins til að hægt yrði að komast að tölvunni sem stýrir upplýsingakerfi bílsins. Eftir að hafa tengt hana við fartölvu gat sérfræðingurinn sýnt eiganda bílsins hvar hann hafði verslað og borðað að undanfögnu.

Einnig gat hann séð í hverja hann hefði hringt, séð alla tengiliði hans, suma með myndum ásamt netfangi þeirra. Auk þess opnaði sérfræðingurinn sams konar tölvu sem bládamaðurinn keypti notaða á eBay og viti menn. Þar mátti sjá að fyrri eigandi ferðaðist aðallega um norðurhluta New York-fylkis, hringdi oftast í aðila sem kallaðist „Sweetie“ og náði meira að segja í mynd af viðkomandi. Það mátti einnig sjá að bensín var venjulega keypt á Gulf-stöð og vinsælasti veitingastaður viðkomandi var Taste China.

Upplýsingakerfi eru þau kerfi sem eigendur bílanna eiga mest samskipti við og því þarf ekki að koma á óvart að slíkar upplýsingar sé að finna í tölvunum. Hægt er að þurrka út þessi gögn með sérstökum smáforritum eins og Privacy4Cars. Samkvæmt sérfræðingi The Washington Post hefur hann hakkað sig inn í Ford-bíla sem skrá staðsetningu á nokkurra mínútna fresti. Hann hefur séð þýska bíla sem eru með 300 gígabita hörðum diskum, sem er stærra en í nokkrum farsíma. Tesla Model 3 getur safnað myndbandsupptökum frá myndavélum bílsins. Það sem er svo næst á dagskrá eru hlutir eins og andlitsskanni sem fylgist með athygli ökumannsins og tenging bíla við veraldarvefinn gegnum 5G-dreifikerfi. Allt sem tengist innra neti bílsins er þar með orðið viðkvæmt fyrir að þriðji aðili geti nálgast upplýsingar. [njall@frettabladid.is](mailto:njall@frettabladid.is)

## Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

**Viðskiptavinir Landsbankans** greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



# Lager hreinsum!

GRÍPTU  
TÆKIFÆRIÐ

Við rýmum fyrir nýrri árgerð og bjóðum úrval bíla á tilboði í janúar. Líttu við og skelltu þér í reynsluakstur eða finndu draumabílinn í vefsýningarsal okkar á bl.is



**AFSLÁTTUR**  
-400.000 KR.

**NISSAN LEAF**  
Tilboð: ~~4.490.000 kr.~~  
4.890.000 kr.

100%  
RAFBÍLL



**AFSLÁTTUR**  
-500.000 KR.

**SUBARU FORESTER** 4X4  
Tilboð: ~~5.490.000 kr.~~  
5.990.000 kr.

FJÓRHJÓLA  
DRIFINN



**AFSLÁTTUR**  
-1.730.000 KR.

**BMW X5 Dísil** 4X4  
Tilboð: ~~12.590.000 kr.~~  
14.320.000 kr.

FJÓRHJÓLA  
DRIFINN



**AFSLÁTTUR**  
-350.000 KR.

**NISSAN QASHQAI** 4X4  
Tilboð: ~~4.990.000 kr.~~  
5.340.000 kr.

FJÓRHJÓLA  
DRIFINN



**AFSLÁTTUR**  
-600.000 KR.

**RENAULT KOLEOS** 4X4  
Tilboð: ~~6.190.000 kr.~~  
6.790.000 kr.

FJÓRHJÓLA  
DRIFINN



**AFSLÁTTUR**  
-650.000 KR.

**MINI COOPER**  
Tilboð: ~~3.590.000 kr.~~  
4.245.000 kr.



**AFSLÁTTUR**  
-500.000 KR.

**SUBARU XV** 4X4  
Tilboð: ~~4.990.000 kr.~~  
5.490.000 kr.

FJÓRHJÓLA  
DRIFINN



**AFSLÁTTUR**  
-300.000 KR.

**NISSAN MICRA**  
Tilboð: ~~2.540.000 kr.~~  
2.840.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NK97481

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
www.bilasareykjaness.is  
419 1881

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

BL

## KOSTIR OG GALLAR

## Mini Cooper SE Electric

Rafhlaða: 32,6 kWh  
Drægi: 233 km  
Hestófl: 184  
Tog: 270 Nm

0-100 km: 7,3 sek.  
Hámarkshraði: 150 km  
Farangursrými: 211 lítrar  
Verð: 3.980.000 kr.

## KOSTIR

- Aksturseiginleikar
- Hönnun

## GALLAR

- Staðalbúnaður
- Farangursrými



Það eru skemmtilegir taktar í akstri Mini Cooper SE rafbilsins og gefur hann bensinbílnum ekkert eftir í skemmtanagildi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Enn meiri akstursánægja í rafmagnaðri útgáfu

### Reynsluakstur

Njáll  
Gunnlaugsson  
njall@frettabladid.is



**Að keyra Mini er góð skemmtun og nú er komin rafmagnsútgáfa sem er með enn lægri þyngdarpunkt. Því var spennandi að sjá hvort það kæmi vel út í bílnum sem við höfðum til prófunar um helgina.**

Kannski muna einhverjir eftir tilraun Mini til að smíða rafmagnsbíl fyrir rúmum áratug. Sá bíll kom fram á sjónarsviðið árið 2008 en fór þó ekki í opinbera framleiðslu vegna ofvaxinnar rafhlöðu bílsins sem fyllti plássid fyrir aftan framsætin. Samt voru 500 eintök smíðuð og flutt til Bandaríkjanna þar sem bílarnir voru leigðir, en að lokum fluttir aftur til Þýskalands þar sem þeir voru teknir í sundur aftur. Nú er hann hins vegar loksins kominn á markað með sæti og pláss fyrir farangur en byggir þó að sumu leyti á því sem gert var fyrir áratug, enda var Mini E ríxavaxið þróunarverkefni langt á undan mörgu því sem við sjáum í dag.

Auðvitað væri auðvelt að dæma þennan bíl hart ef út í það er farið fyrir margra hluta sakir. Hann er ekki með besta drægið enda hannaður sem borgarbíll. Hann er þriggja dyra svo að það að koma sér í aftursætin er aðeins fyrir liðugra fólk og alls ekki stórvaxna. Aðeins er gert ráð fyrir tveimur í aftursætinum og ef þeir eru ekki fótastórir og háir í loftinu ætti að fara ágætlega um þá. Farangursrýmið rúmar bara nokkra inn-

kaupapoka og fótarymið aftur í er takmarkað. Maður fyrirgefur honum þó að mestu leyti þessa vankanta fyrir hversu bíllinn er skemmtilegur að öðru leyti. Hann er fallegur og vekur eftirtekt hvert sem hann fer, en best af öllu er að keyra hann. Það fer líka ágætlega um þá sem sitja í framsætinum, enda eru þau með hliðarstuðningi, auk þess sem hægt er að lengja setuna. Ef ökumaður hefur yfir einhverju að kvarta væri það helst útsýni en breiðir A- og B-bitar hindra aðeins útsýni við akstur.

Rafhlaðan í Mini-rafbilnum er undir aftursætinu en teygir sig líka fram á milli framsætanna svo að hún er eins og T í laginu. Hún er 32,6 kWh og dugir bílnum fyrir 235-270 km drægi. Hann er framhjóladrifinn og skilar BMW-rafmótorinn 184 hestöflum og 270 newtonmetra togi sem kemur bílnum frá 0-100 km á 7,3 sekúndum. Rafmótorinn notar meira að segja sömu festingar og vélín myndi gera í öðrum Mini-bílum sem einfaldar framleiðsluferlið. Það sem gerir bílinn hins vegar skemmtilegri í akstri er hversu vel hann svarar öllum hreyfingum ökumanns. Hann er snöggur að taka við sér, stýrið er í næmara lagi og síðast en ekki síst, þyngdarpunkturinn er enn lægri en í öðrum Mini-bílum svo að hann er mjög skemmtilegur í hreyfingum og liggur sérlega vel. Þrátt fyrir það situr bíllinn 15 mm hærra en bensinbíllinn en það er gert til að skapa næga veggð undir rafhlöðuna, og notar bíllinn því sömu fjöðrun og í Countryman. Þegar tekir er á honum er ekki laust við að hann



Hringlaga form eru allsráðandi innan í Mini-rafbilnum sem og neonblá dióðulýsing.

yfirstýri örlítið sem er óvenjulegt fyrir framdriftsbíl.

Bíllinn er með fjórar akstursstillingar, og það þarf engan að undra að sú skemmtilegasta er Sport, sem skilar sneggra upptaki. MID-stillingin er nokkurs konar Comfort-stilling en það má líka velja tvær Eco-stillingar. Eco Plus slekkur á hlutum eins og loftkælingu og miðstöð og minnkar afl bílsins til að kreista út sem flesta kílómetra. Tvær stillingar eru á endurnýtingu rafmagns og virkar það svo vel að mestallan tímann þarf ökumaður ekki að

nota bremsuna. Hjálpar þar til hversu gjöfin er næm og auðvelt að stjórna bílnum einungis með henni. Við prófuðum bílinn í talsverðum kulda svo að ekki reyndist unnt að fullhlaða bílinn í heimahleðslu, þrátt fyrir að hann hafi verið í sambandi í þá 15 tíma sem eiga að duga til þess. Hann er þó gefinn upp fyrir 233 km drægi samkvæmt WLTP-staðlinum.

Aðalsamkeppnisaðili Mini Cooper SE er einnig að koma fram á sjónarsviðið, en það er nýr Honda E. Mini Electric kostar frá 3.980.000 krónum svo hann

er nánast á pari við grunnverð Honda E sem er 3.950.000 krónur. Því miður eru hlutir eins og leiðsögukerfi og Apple Carplay flokkaðir sem aukabúnaður og þarf að punga út 170.000 krónum bara fyrir það tvennt. Þótt Honda E verði eflaust betur búinn má á móti lofa því að akstursánægjan er ósvikin bak við stýrið á Mini Electric. Annar samkeppnisaðili er hinn vinsæli Renault Zoe sem kostar frá 3.990.000 krónum. Þar fæst talsvert meira drægi en í mörgum öðrum borgarrafbilum af minni gerðinni.



Mini-rafbillinn er ágætlega snöggur af stað en hann fer í hundraðið á 7,3 sekúndum.



Eins og sjá má er farangursrými af skornum skammti enda aðeins 211 lítrar.



Rafmótorinn er festur með sömu festingum og bensínvélín sem auðveldar framleiðsluferlið.

TILBOÐ Á OPEL ATVINNUBÍLUM FRAMLengt til 31. JANÚAR

# Frábær vinnukraftur!



## COMBO CARGO

Listaverð 2.990.000 kr.

Tilboðsverð án vsk. **2.145.000 kr.**



## VIVARO VAN

Listaverð 3.890.000 kr.

Tilboðsverð án vsk. **2.870.000 kr.**



## VIVARO COMBI - 9 manna

Listaverð 4.990.000 kr.

Tilboðsverð án vsk. **3.742.000 kr.**



THE FUTURE IS EVERYONE'S

benni.is

Reykjavík  
Krókhálsi 9  
590 2000

Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
Laugardaga frá 12 til 16  
Verið velkomin í reynsluakstur

Bílaúð  
**Benna**

## KOSTIR OG GALLAR

## Toyota CHR

**Grunnverð:** 4.840.000 kr.  
**Hestöfl:** 184/6.000 sn.  
**Tog:** 190 Nm/4.400-5.200 sn.  
**Hröðun:** 0-100 km 8,2 sek.  
**Hámarks hraði:** 180 km  
**Eyðsla bl.ak.:** 5,2 lítrar  
**CO<sub>2</sub> losun:** 118 g/km

**L/B/H:** 4.390/1.795/1.555 mm  
**Hjólhaf:** 2.640 mm  
**Rafmótor:** 80 kW  
**Eiginþyngd:** 1.485 kg  
**Farangursrými:** 358 lítrar

## KOSTIR

- Búnaður
- Afl
- Hjólhlátur

## GALLAR

- Handfang á afturhurð
- Farangursrými
- Verð



Billinn er snarpari í akstri en áður en útlitsbreytingar eru minniháttar. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

## Loksins kominn með vél í stíl við útlitið

### Reynsluakstur

Njáll  
 Gunnlaugsson  
 njall@frettabladid.is



Það munar hressilega um nýja vél í Toyota CHR sem nú kemur með 182 hestafla, tveggja lítra vél. Einnig hefur hann fengið milda andlitslyftingu og betri búnað.

Það eru þrjú ár liðin síðan hinn eftirtektarverði Toyota CHR kom á markað og kannski var kominn tími á smávægis andlitslyftingu, og þó. Billinn var framúrsteftu- legur fyrir þremur árum og þykir það enn svo að útlitsbreytingar eru litlar. Að framan eru smávægi- legar breytingar á grilli og endur- hönnuð ljós og að aftan breytingar á stuðara og afturljósum. Loks var vindskeið að aftan máluð svört og nýir litir kynntir til sögunnar, og eru þá ytri breytingar upptaldar. Vinsældir CHR hafa að mestu leyti einskorðast við tvinnútgáfuna en 8 af hverjum 10 seldum CHR voru tvinnbilar. Því kemur ekki á óvart að kominn sé útgáfa með tveggja lítra vél sem eykur til muna afl bílsins miðað við fyrri útgáfu.

Þegar sest er inn í bílinn sjást minniháttar breytingar á innréttingu sem eru allar af hinu góða. Betri efnisval er á sumum snertiflötum og komið er nýtt og betra upplýsingakerfi með átta tommu snertiskjá. Auðveldara er að nota nýja kerfið sem fljótlegt er að tengja við símann og það styður bæði Apple Carplay og Android



Það munar um 182 hestöfl á móti 122 hestöflum í 1,8 lítra vélinni.

Auto. Auk þess er kominn velkomin viðbót sem er þröðlaus uppfærsla á leiðsögukerfi. Prófunarbillinn var vel búinn HIC-útgáfa og því voru leðursæti staðalbúnaður. Billinn er þokkalega rúmgóður fram í og útsýni ágætt miðað við bíl með afturhallandi þaki. Að vísu eru C-bitarnir aftast þykkir og búa til blint horn en stórir hliðarspeglar með blindhornsviðvörðun gera sitt til að bjarga því. Aðeins þrengra er um aftursætisfarþega og það er ókostur að opnun á afturhurð er með handfangi sem er alltof hátt fyrir smáfólkið. Loks er lítið pláss í farangursrými og er það jafn- vel aðeins minna í tveggja lítra bílnum og munar þar 19 lítrum.

Stærsta breytingin á bílnum felst í vél og breytingum á undirvagni en hann er á GA-C undirvagninum

sem er sami og Corolla er byggður á. Kominn er ný tveggja lítra vél með CVT-skiptingu sem er sama uppsetning og í RAV4 og Corolla. Vél sjálf er 152 hestöfl og sameiginlegt afl vélar og rafmótors er 184 hestöfl. Það er aukning í afl um 50% á meðan eyðsla eykst aðeins um 10% miðað við 1,8 lítra vélina. Það finnst vel í akstri hvað billinn er allur snarpari þrátt fyrir CVT-skiptingu, sem er endurhönnuð og mun akstursvænni en áður. Segja má að billinn sé loksins kominn með vél í stíl við útlitið. Með tveggja lítra vélinni er billinn 8,2 sekúndur í hundradíð og hjálpar rafmótorinn við að ná betra upp- taki. Auk þess liggur CHR ágætlega þótt hann sé enginn sportbíl og hann er líka hljóðlátari en áður. Toyota CHR hefur hækkað



Komið er betra efnisval í innréttingu og fullkominn upplýsingaskjúr.



Handfang fyrir afturhurð er eins ofarlega og hægt er sem er ekki gott.

aðeins í verði með nýrri útfærslu, kostaði 4.630.000 krónur áður en hækkar núna í 4.840.000 krónur í grunnútfærslu sinni. Toyota CHR 2,0 kostar hins vegar frá 5.540.000 krónum og í dýrustu útfærslu 5.990.000 krónur svo auðvelt er að sjá að bestu kaupin eru í vel búinni tvinnútgáfu með tveggja lítra vél.

En hverjir skyldu helstu keppinautar CHR vera hér á Íslandi? Sá helsti er eflaust nýr Nissan Juke sem væntanlegur er á allra næstu mánuðum. Sá er þó aðeins minni og CHR er í raun og veru nær Nissan Qashqai í stærðartölum. Verð á Nissan Juke er frá 3.890.000 krónum en Qashqai kostar frá 4.050.000 krónum og eru því báðir töluvert ódýrari. Á móti kemur meiri tækni í tvinnútfærslu CHR og góður staðalbúnaður.

# Nýr e-up!



Ódýrasti rafbíllinn  
260 km drægni

Verð frá  
2.990.000 kr.

Frumskýndur  
11. janúar



## Litlu atriðin skipta máli

Meiri drægni en nokkru sinni fyrr. Fleiri eiginleikar á betra verði. Og enn meira hönnunarfrelsi fyrir alla sem keyra í takt við tímann: nýr e-up! gerir það enn auðveldara að eiga rafbíl. Og einfaldlega betra.



Veldu þinn uppáhalds e-up! á  
[www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)



[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílajakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



TOGG-jepplingurinn er fyllilega sambærilegur við þá rafjepplinga sem væntanlegir eru 2022 í tæknilegu tilliti.

## Tyrkland styður við bakið á innlendri rafbílaframleiðslu

Komnir eru fram á sjónarsviðið tveir tyrkneskir rafbilar sem verða settir á markað eftir tvö ár.

Tyrkneska rafbílaframleiðing TOGG frumsýndi seint á liðnu ári tvo fyrstu rafbíla sína sem eru nánast tilbúnir til framleiðslu. TOGG stendur fyrir Turkiye'nin Otomobili Girişim Grubu sem þýðir einfaldlega Tyrkneska bílasamsteyp-an en meðal þeirra sem koma að verkefninu er tyrkneska ríkið. Sá sem frumsýndi bílana var enginn annar en Erdogan Tyrklandsforseti en ríkið styður framleiðsluna um 450 milljarða króna sem þýðir að TOGG mun geta framleitt allt að 175.000 bíla á ári. Fyrsti bíllinn á markað verður jepplingur sem kemur á markað árið 2022 bæði fyrir Evrópu- og Tyrklandsmarkað.

Þótt útlit jepplingsins minni talsvert á Mercedes-Benz EQC er ljóst að tæknin hans verður í fáu ábótavant. Hönnun ytra byrðis kemur frá Pininfarina að nokkru leyti. Tvær gerðir rafhlaða verða í boði sem bjóða upp á drægi frá 300-500 km. Hægt verður að velja um afturdrif með 200 hestöfl að lágmarki eða fjórhjóladrif með allt að 400 hestöflum. Í þeirri útgáfu verður bíllinn 4,8 sekúndur í hundradíð en 7,6 sekúndur með afturhjóladrifinu. Ekkert hefur verið gefið upp um stærð rafhlöðunnar að öðru leyti en miðað við drægi og að hægt verði að hlaða bíllinn upp í 80% hleðslu á hálf tíma má búast við rafhlöðu litid undir 80 kWh. TOGG lofar líka hálfjálfskeyrandi búnaði frá upphafi sölu bílanna og mun uppfærsla fara fram í gegnum netið.



TOGG mun einnig framleiða þennan sportlega fólksbil sem er settur til höfuðs Tesla Model S.

» Athyglisvert er að tyrkneska ríkið skuli styðja jafn vel við framleiðslu TOGG-rafbíla og raun ber vitni. Gæti það jafnvel haft áhrif á verð bílanna þegar fram í sækir og hvort þeir verði samkeppnishæfir á Evrópu-markaði.

Það sem er þó merkilegt við bíllinn er þessi mikli stuðningur tyrkneska ríkisins við verkefnið. Sala rafbíla þar er talsvert undir sölu rafbíla í öðrum löndum Evrópusambandsins, en þar er sala rafbíla um 2% allra bíla. Þar eru það bílar eins og Tesla Model 3, Nissna Leaf og Renault Zoe sem leiða sölutölur. Með auknu framboði er líklegt að sala þeirra muni aukast talsvert og TOGG vill eflaust eiga sinn hluta kókunnar, sérstaklega í heimalandinu. Búast má við talsverðri flotasölu til stofnana tyrkneska ríkisins til að hjálpa til með söluna. Eflaust munum við sjá ívilnanir þar líka og þá jafnvel sérstakar ívilnanir fyrir kaupendur TOGG í Tyrklandi. Hvort það muni svo hjálpa TOGG í Evrópu með lægra verði sem verður samkeppnishæft við kínverskan innflutning verður svo að koma í ljós.



Samkvæmt nýjum umferðarlögum má nú sekta fyrir þetta uppátæki, að reiða undir aldri, að aka hjálmaus og eftir atvikum án réttinda.

## Tíu ný atriði sem sekta má fyrir í umferðinni

Nú um áramótin tóku ný umferðarlög gildi sem höfðu verið lengi í smíðum, en vinna við þessa útfærslu laganna hófst 2007. Samhliða útgáfu laganna voru ný sektarákvaði samþykkt um áramót í nýrri reglugerð. Samkvæmt henni mega sektir vegna umferðarlaga brota nema 20-500.000 krónum eftir eðli og umfangi brots. Við skulum aðeins skoða nokkur ný atriði úr nýju lögunum og hvaða sektir eiga við þau atriði.

### Lögboðin ökuljós

Í nýjum umferðarlögum segir að við akstur vélknúins ökutækis skuli lögboðin ökuljós ávallt vera tendruð. Í skilgreiningu umferðarlaga kemur fram að það eru lögboðin aðalljós eða dagljós sem loka að framan og að aftan á ökutæki. Því er komin heimild til að sekta þá sem keyra með aðeins dagljós og engin ljós að aftan, og er sekt við því broti 20.000 krónur.

### Hættuljós og viðvörðunarþríhyrningur

Nú er það orðin skylda að nota bæði viðvörðunarþríhyrning og hættuljós þegar ökutæki hefur stöðvast á þeim stað sem ekki má leggja því. Einnig er nú leyft að nota hættuljós þegar ökumaður þarf að draga snögglega úr hraða svo að það geti valdið hættu. Sekt við því að nota ekki hættuljós eða viðvörðunarþríhyrning á réttan hátt er 20.000 krónur.

### Snjalltækjanotkun

Stjórnanda ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma, snjalltæki eða önnur raftæki er truflað geta aksturinn, án handfrjáls búnaðar. Það gefur lögreglu ansi viðtæka heimild til að skilgreina hvað telst snjalltæki en gera má ráð fyrir að notkun spjaldtölvu, leiðsögunotækja og annarra nettengdra tækja sé bönnuð við akstur. Sekt við notkun snjalltækja án handfrjáls búnaðar er áfram 40.000 krónur.

### Óhreinkun vegar

Í nýju lögunum er lagt blátt bann við að fleygja sorpi úr ökutæki, og gildir þá einu hvort það sé á vegi eða í náttúrunni. Valdi það hættu fyrir aðra vegfarendur er sektin 30-250.000 krónur en ef það óhreinkar aðeins veg eða náttúru er sektin 10-50.000 krónur.

### Forgangur eigi virtur

Forgangur er nú betur skilgreindur í lögunum en áður og gagnvart hvaða ökutækjum hann gildir. Til dæmis þarf ökumaður nú að veita reiðhjólum á hjólarein forgang ef beygja á þvert á hana. Einnig má nú sekta fyrir að virða ekki hægrireglu. Sekt við þessum brotum er 20.000 krónur.

### Akstur á akreinum

Bannað er samkvæmt nýjum lögunum að aka ökutækjum eftir gangstétt með undanþágu fyrir létt bifhjól í flokki I. Veghaldari má nú ákveða hverjir mega nota

sérreinar eins og til dæmis strætóreinar. Hafa skal eigi minna en þriggja sekúndna bíl milli ökutækja. Þar sem tvær beygjureinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal sá sem velur hægrir akrein í beygju koma inn á akrein lengst til hægrir á akbraut sem ekkert er inn á. Sektir við brotum á þessum greinum eru 20.000 krónur.

### Akstur í vistgötum og bílastæðum

Þau nýmæli eru í lögunum að vistgata er sérstaklega skilgreind og er hámarkshraði þar aðeins 10 km á klst. Ef ekið er hraðar en 10 km á klst. er sektin 20.000 krónur og ef ekið er hraðar en 20 km á klst. hækkar hún upp í 40.000 krónur. Ef ekið er á bílastæði þar sem hámarkshraði er 15 km á klst. er hægt að missa prófið í 3 mánuði ef ekið er yfir 30 km hraða og er sektin þá 30.000 krónur.



### Lagning ökutækis

Einungis rafbilar mega nú nota stæði sem merkt eru til rafhleðslu. Einnig er bannað að leggja í snúningshaus botnlangagötu og nú má ekki leggja á móti akstursstefnu. Loks er óheimilt að stöðva eða leggja ökutæki á gangstétt og gildir það um öll ökutæki. Viðurlög við brotum á lagningu ökutækja eru 20.000 krónur.

### Um akstur bifhjóla

Létt bifhjól í flokki I (gangstéttarvespur) eru nú skráningar- og skodunarskyld. Skylda er að nota hjálm við akstur allra bifhjóla, einnig léttra bifhjóla í flokki I. Þá má eigi reiða á léttum bifhjólum nema viðkomandi sé orðinn 20 ára. Einnig má ekki lengur lyfta framdekki samkvæmt 45. grein laganna. Sektir á brotum í þessum flokki eru 20.000 krónur.

### Akstur án réttinda

Nú er komin heimild í lögunum til að svipta þann sem ekur án réttinda heimild til að öðlast ökuskruteini í fjóra mánuði. Má framlengja um fjóra mánuði fyrir hvert brot í viðbót. Gildir þetta um öll ökutæki, einnig bifhjól og létt bifhjól. Sektir við brotum hér eru háar. Þegar viðkomandi hefur ekki öðlast ökuréttindin áður er sektin 40.000 krónur í fyrsta sinn og 80.000 í annað sinn. Ef viðkomandi hefur verið svipur er sektin 120.000 krónur í fyrsta sinn og 200.000 í annað sinn. Auk þess má sekta um 10.000 krónur ef ökuskruteini er ekki meðferðis.



MICKEY THOMPSON  
**M/T**  
TIRES & WHEELS

### Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson  
Fáanlegt í 3 stærðum:

265/70R17 verð kr. 33.400  
285/70R17 verð kr. 46.490  
275/65R18 verð kr. 39.800





[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Vesturhraun 5 210 Garðabær

## Ný skipting fyrir rafbíla

Með örfáum undantekningum notast flestir rafbílar við einfalda eins girs skiptingu til að senda afl rafmótorsins til hjólanna. Leikreglur í þessari deild gætu þó verið að breytast því að ZF, tæknirísinn í framleiðslu sjálfskiptinga, er að kynna til sögunnar nýja tveggja þrepa skiptingu. Skiptingin samanstendur í raun og veru af 140 kW rafmótor og tveggja gira kassa. Rafmótorar hafa hingað til hentað best í borgarakstri þar sem minni hraði og tíðari hemlun, sem felur


í sér niðurhröðun rafmótorsins, gerir honum kleift að endurhlaða rafhlöðuna. Á meiri hraða til lengri tíma þegar rafmótorinn snýst hratt reynir hann mun meira á rafhlöðuna vegna meiri loftmótstöðu og viðnáms dekkjanna.

Með nýja girkassanum munu bílar með tveggja hraða ZF-skiptingunni skipta upp um gir þegar komið er yfir 70 km á klst. Við það lækkar snúningshraði rafmótorsins og hann reynir minna á sig og nýtir betur snúningsvægi

